allt
LAUFEY EINARSDÓTTIR
*Flugfreyja dreif sig í flugnám*
nám ferðir bílar
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



HALLDÓR ÁSGRÍMSSON
*Fyrsti gestur ársins hjá Strákunum*
Tekur engum áskorunum
FÓLK 22



SÉRBLAÐ FYLGIR
Europris
FRÁBÆR TILBOÐ!


# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

18. janúar 2006 — 17. tölublað — 6. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 550 5000


**Vogar verða bær**

Nú þegar íbúar Voga á Vatnsleysuströnd eru komnir yfir þúsund eru Vogar ekki lengur hreppur heldur bær.



TÍMAMÓT 12

**220 milljarða hækkun**

Verðmætaaukning fyrirtækja í Kauphöllinni frá áramótum nemur virði eins banka.

MARKAÐURINN

**Nákvæmni sem kækur**

Flest af því sem sagt er frá er auðvitað þess eðlis að það kæmist ekki í fréttir í stærra samfélagi, segir Jón Ormur Halldórsson í grein um íslenska fjölmiðla.



Í DAG 10

**Saman til Danmerkur**

Íþróttaparið Bjarni Ólafur Eiríksson og Berglind Íris Hansdóttir eru líklega á leið til Danmerkur þar sem munu gerast atvinnumenn, hvort í sinni íþrótt.



ÍÞRÓTTIR 16

**VEÐRIÐ Í DAG**




**SNJÓKOMA** með morgninum og síðar slydda eða rigning um sunnan- og suðvestanvert landið. Úrkomuminna síðdegis. Annars staðar verður snjókoma eða él af og til í dag. Hiti 1-4 stig syðra en frost 2-5 stig nyrðra. VEÐUR 4

**> Markaðurinn**
*Sögurnar ... tölurnar ... fólkið ...*
FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG


MARKAÐURINN
Yfir 220 milljarða verðmætaaukning í Kauphöll
Fiton skoðar kaup í Höfn



**HALDIÐ HEIM** Gönguleiðir á höfuðborgarsvæðinu eru torfærar þessa dagana eftir fannfergið að undanförnu. Aðeins fjölförnustu gangstéttir eru ruddar og því þurfa gangandi að vaða fönnina upp undir hné á ferðum sínum milli staða. Fyrir vikið þyngist byrðin. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Fimm á slysadeild á dag vegna ofbeldis

**Læknir á slysadeild Landspítalans segir ofbeldi fara vaxandi og harðnandi. Alvarlegir áverkar eru daglegt brauð á slysadeildinni en þangað leita að jafnaði fimm fórnarlömb ofbeldis á sólarhring eða nærfellt tvö þúsund manns á ári.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Fimm manns leita aðhlynningar á slysa- og bráðamóttöku Landspítalans á hverjum sólarhring vegna áverka af völdum ofbeldis. Mest ber á þessu um helgar og þeir sem koma á deildina undir morgun um helgar eru oft illa drukknir og sumir undir áhrifum örvandi efna. Á þeim tíma koma þeir sem sætt hafa harðasta ofbeldinu, svo og þeir sem hafa orðið fyrir kynferðislegri misnotkun.

Þetta segir Kristín Sigurðardóttir, læknir á slysa- og bráðamóttöku Landspítalans. „Sumt af þessu fólki er hreinlega í áfengisdái, þannig að það þarf ekki einu sinni að byrla því efni til að gerandinn geti komið fram vilja sínum,“ segir hún.



**KRISTÍN SIGURÐARDÓTTIR** Segir skorta á umræðu í samfélaginu um ofbeldi og annars vegar.

„Mörgum okkar sem vinnum hér finnst ofbeldið vaxa og harðna. Æskilegt væri ef hægt yrði að átta sig betur á umfangi vandans en erfitt er að átta sig á raunverulegum tölum því atvik sem fólk tilkynnir ekki eða kærir til lögreglu eru ekki inni í tölfræði lögreglunnar.“



**BARSMÍÐAR OG SPÖRK** Hörðustu myndir ofbeldis sem starfsfólk slysadeildar sér er þegar fólk verður fyrir höggáverkum og spörkum.

Kristín segir skorta á umræðu í samfélaginu um orsök vandans, það ofbeldi sem þrífst í þjóðfélaginu og afleiðingar þess. „Barsmíðarnar eru algengastar. Fólk verður fyrir höggáverkum og spörkum, þannig getur það fengið alvarlega áverka á höfuð, brjóst eða kvið. Ég held að sumir átti sig hreinlega ekki á hvað þeir geta valdið miklum skaða með slíku. Þetta er ekki eins og í bíómyndunum þar sem fólk rís upp aftur og aftur eftir árás sem væri löngu búin að drepa venjulegt fólk.“ Hún segir það líka skekkja umræðuna þegar fréttist að fólk hafi útskrifast, því margir haldi að þá sé allt í lagi með viðkomandi þó að hann hafi verið barinn. „En sá hinn sami getur verið með varanleg ör í andliti, brotnar tennur, beinbrot og svo mætti áfram telja.“

Kristín segir hættuna mikla þegar hnífar eru annars vegar því alltaf sé stutt í að eggvopn geti valdið alvarlegum áverka. „Það er stundum hrein slembilukka að fólk hafi lifað þá áverka af sem við sjáum hér. Það munar oft ótrúlega litlu að eggvopnið fari inn á stóra slagæð eða mikilvæg líffæri.“

Spurð um tölur vegna eggvopnaáverka segist Kristín ekki hafa þær tiltækar. Það atvik sem leitt hafi til dauðsfalla verði að sjálfsögðu dómsmál, en hin þar sem fólk kærir ekki, þótt um lífshættulega áverka sé að ræða, lendi ekki alltaf á borði lögreglu. „Það er því erfitt að átta sig á raunverulegu umfangi ofbeldis í þjóðfélaginu,“ segir Kristín Sigurðardóttir. -jss

Ógilda úrskurð Kjaradóms:

## Þingið hraðar afgreiðslunni

**STJÓRNMÁL** Frumvarpi fjármálaráðherra um ógildingu úrskurðar Kjaradóms skömmu fyrir jól var vísað til annarrar umræðu á Alþingi í gærkvöld. Jafnframt fer málið til umfjöllunar í efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis.

Fyrsta umræða um málið stóð í um fjórar klukkustundir. Ráðgert er að afgreiða frumvarpið sem lög fyrir helgi. Það kveður á um að launahækkun samkvæmt úrskurði Kjaradóms verði afnumin og þess í stað hækki laun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og dómara um 2,5 prósent eða svipað og hjá öðrum starfstéttum. -jh

Páfagaukurinn Ziggy:

## Afhjúpaði framhjáhald

**BRETLAND** Eigandi málglaðs páfagauks í Leeds í Englandi fylltist tortryggni í garð sambýliskonu sinnar þegar páfagaukurinn hans tók upp á því að góla nafn manns sem í ljós kom að hún hélt framhjá með.

Að því er fréttavefur BBC hefur eftir breskum blöðum hafði Suzy Collins átt ástarfundi með fyrrverandi vinnufélaga sínum, Gary að nafni, í íbúðinni sem hún deildi með kærastanum, Chris Taylor. Grunsemdir tóku að læðast að Chris þegar Ziggy tók upp á því að góla „hæ Gary“ í hvert sinn sem Suzy svaraði í farsímann sinn. Páfagaukurinn gaf líka frá sér kossahljóð þegar nafnið Gary heyrðist í sjónvarpinu. Suzy gekkst við framhjáhaldinu og þau slitu samvistir. ■

Fréttablaðið:

## Bilun í prentsmiðju

Vegna bilunar í prentsmiðju er Fréttablaðið minna í dag en vanalega og kunna tafir að verða á dreifingu þess.

Veldu það besta





## SPURNING DAGSINS

*Hallur, myndi þjóðin þá loksins slá í gegn?*

Án efa myndi þjóðargrúvið ná út fyrir landssteinana.

Hallur Ingólfsson trymbill telur að trommusett eigi að vera til á hverju heimili enda bæti trommuleikur andlega og líkamlega heilsu.

Dómarar vöruðu forsætisráðherra við því fyrir viku að lækka kaup með lagaboði:

# Gæti endað með málarekstri

**STJÓRNMÁL** Dómarafélag Íslands mótmælir afskiptum annarra en Kjaradóms af launum dómara og hefur sent forseta Alþingis og fleiri fulltrúum þingsins bréf þar að lútandi.

Dómarar telja að afnám úrskurðar Kjaradóms gangi gegn ákvæðum stjórnarskrárinnar. Óeðlilegt sé að framkvæmda- eða löggjafarvaldið hlutist til um breytingu á kjörum sem dómurum hafi verið ákveðin samkvæmt lögum. Önnur sjónarmið hljóti að gilda um þá en aðra sem undir Kjaradóm falla.

Véfengt er að fyrirhuguð kauplækkun standist jafnræðisákvæði stjórnarskrárinnar þar sem hún nái aðeins til fámenns hóps ríkisstarfsmanna.



**HÆSTIRÉTTUR** Dómarafélag Íslands kann að höfða mál gegn stjórnvöldum samþykki Alþingi breytingar á úrskurði Kjaradóms um laun dómara.

Þá er einnig á það bent að úrskurður Kjaradóms hafi þegar tekið gildi og því njóti launahækkunin verndar eignarréttarins.

Dómarar sendu forsætisráðherra sambærilegt erindi fyrir viku þar sem beðið var um að ekki yrði lagt fyrir Alþingi að breyta kjörum dómara.

Fram kemur að Dómarafélag Íslands kunni að sjá sig knúið til þess að láta reyna á það hvort íhlutun um úrskurð Kjaradóms samrýmist stjórnarskránni.

Þess er óskað að fulltrúar dómara fái að kynna sjónarmið sín fyrir þingnefnd sem fær málið til umfjöllunar. **- jh**

Rannsókn á kosningasvikum:

# 227 kjörkassar ógildir í Írak

**ÍRAK, AP** Yfirkjörstjórn Íraks tilkynnti á mánudag að atkvæði úr 227 kjörkössum í þingkosningunum sem fram fóru fyrir mánuði yrðu úrskurðuð ógild vegna svika. Það er innan við eitt prósent af kjörkössum landsins og ógilding þeirra er ekki sögð munu hafa áhrif á heildarúrslit kosninganna.

Heildarfjöldi kjörkassanna sem notaðir voru í kosningunum 15. desember var 32.000 og því er ljóst að atkvæði úr 227 kössum breyta ekki miklu. Kjörstjórnin rannsakaði 58 alvarlegar athugasemdir við framkvæmd kosninganna. Alls voru sendar inn hátt í 2.000 athugasemdir, en flestar voru taldar léttvægar. ■



**TOSHIKI TOMA** Prestur innflytjenda hefur kært nafnlaust hótunarbréf til lögreglu.

Toshiki Toma hótað:

# Kæra send til lögreglunnar

**INNFLYTJENDUR** Toshiki Toma, japanskur prestur innflytjenda, hefur kært til lögreglu nafnlaust hótunarbréf sem hann fékk fyrir helgi. Toshiki Toma fór til lögreglunnar í gær og segir að hún hafi tekið mjög faglega á málinu. Það fari nú til rannsóknar.

„Ég fékk margar skeytasendingar og símtöl frá fólki sem veitti mér stuðning og hvatningu í þessu máli. Flestir þeirra sem höfðu samband eru Íslendingar sem ég hef aldrei hitt áður. Ég er mjög þakklátur fyrir þennan stuðning,“ segir Toshiki Toma. **- ghs**

## Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttnæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla.

**-ritstj.**

# Steingrímur J. með slæma brjóstholsáverka

**Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs, slasaðist alvarlega í bílveltu við Húnaver í fyrrakvöld. Steingrímur slasaðist mikið en er á batavegi. Hann mun ekki sinna þingstörfum á næstunni.**

**SLYSFARIR** Alþingismaðurinn Steingrímur J. Sigfússon slasaðist alvarlega í bílslysi við Húnaver í Austur-Húnavatnssýslu í fyrrakvöld. Svo virðist sem bíll Steingríms hafi runnið til á veginum með þeim afleiðingum að hann lenti utan vegar og fór bíllinn þar nokkrar veltur, framan af háum vegkanti. Mikil hálka var á veginum þar sem slysið átti sér stað.

Steingrímur var með meðvitund eftir slysið en hann hringdi sjálfur eftir aðstoð. Brunavarnir Austur-Húnavatnssýslu fengu tilkynningu um bílslysið fimmtán mínútum fyrir ellefu í fyrrakvöld og var allt tiltækt lið sent á staðinn hið snarasta. Steingrímur var fluttur á sjúkrahúsið á Blönduósi eftir slysið og var þyrla Landhelgisgæslunnar kölluð til eftir að læknar á Blönduósi höfðu skoðað hann.

Frá Blönduósi var Steingrímur fluttur á gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi. Í ljós kom að Steingrímur hafði slasast alvarlega, einkum á brjóstholi þar sem annað lunga hans féll saman vegna slæms rifbrots. Hann var síðla dags í gær fluttur á hjarta- og lungnaskurðdeild Landspítalans við Hringbraut.




**SLYSSTAÐURINN** Bíll Steingríms fór útaf milli Svartárbrúar og Húnavers.



**BÍLL STEINGRÍMS EFTIR SLYSIÐ** Bíll Steingríms var illa farinn eftir slysið og er hann gjörónýtur, enda valt hann marga metra fram af veginum milli Svartárbrúar og Húnavers. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN

Að sögn Bergþóru Ragnarsdóttur, sem var vakthafandi læknir á gjörgæsludeild Landspítalans í gær, ber Steingrímur sig vel þrátt fyrir að vera alvarlega slasaður. „Steingrímur er með alvarlega brjóstholsáverka en er við sæmilega líðan. Það mun eflaust taka svolítinn tíma fyrir hann að ná góðum bata, en hann er þó á batavegi.“

Benóný Ásgrímsson var flugstjóri þyrlunnar sem sótti Steingrím en aðstæður til flugs voru erfiðar. „Það gekk á með snjóéljum á leiðinni og það var mikil ókyrrð í lofti á meðan á fluginu stóð. Flugferðin frá Blönduósi til Reykjavíkur gekk vel þrátt fyrir erfiðar aðstæður.“

Ögmundur Jónasson, þingsflokksformaður Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs, segir hug flokksmanna nú vera hjá Steingrími. „Það er ljóst að þetta er hörmulegt slys. Steingrímur er vel á sig kominn líkamlega og mun eflaust ná sér af þessum meiðslum á mettíma.“



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON**

Hlynur Hallsson, varaþingmaður Vinstrihreyfingarinnar - Græns framboðs í norð-austur kjördæmi, mun taka sæti Steingríms á alþingi. **magnush@frettabladid.is**



**ELST VIÐ FIÐURFÉ** Sóttvarnastarfsmaður

Fuglaflensan í Tyrklandi:

# Smit staðfest í enn einu barni

**TYRKLAND, AP** Samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðum rannsókna hefur enn eitt barnið í Tyrklandi greinst með fuglaflensu af hinum skæða H5N1-stofni, að því er yfirvöld greindu frá í gær. Þar með er heildarfjöldi þeirra sem sýkst hafa af fuglaflensu í Tyrklandi kominn í 21.

Barnið var lagt inn á sjúkrahús í Erzurum í Austur-Tyrklandi, en það kvað vera frá bænum Dogubayazit. Öll börnin fjögur sem látið hafa lífið úr sjúkdómnum voru þaðan .

Á sjúkrahúsi í borginni Van, sem einnig er á sömu slóðum í Austur-Tyrklandi, berst fimm ára drengur fyrir lífi sinu en tólf ára systir hans dó úr sjúkdómnum á sunnudag. Öll börnin eru talin hafa smitast af því að snerta sýkta kjúklinga. ■

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Þrjú minniháttar umferðaróhöpp** áttu sér stað í Hafnarfirði og Garðabæ í gærkvöld en engan sakaði í slysunum.

**Þrjú umferðaóhöpp urðu á Akureyri** um hádegisbilið í gær og þurftu tveir að leita læknis vegna minniháttar áverka í einu slysanna. Engin alvarleg slys urðu á fólki í óhöppunum.

**Eldur varð laus** í bíl í Hveragerði í gær þegar rafmagnsbilun olli bruna í mælaborði. Bíllinn, sem er tveggja ára gamall, var að sögn lögreglunnar gallaður og því varð eldur laus í mælaborðinu.

**Hjallastefnan á Akureyri**
Leikskólinn Hólmasól

**Kynningarfundur um Hjallastefnuna og um fyrirhugaða starfsemi Hólmasólar verður haldinn í Brekkuskóla kl. 17.30, fimmtudaginn 19. janúar.**

Áhugasamir foreldrar svo og þeir sem áhuga kunna að hafa á starfi við Hólmasól eru hvattir til að mæta á fundinn. Margrét Pála Ólafsdóttir, höfundur Hjallastefnunnar kynnir markmið og starfshætti Hjallastefnunnar ásamt Þórunni Ósk Þórarinsdóttur leikskólastjóra.

Vakin er athygli á vef leikskólans, www.hjalli.is og er áhugafólki bent á atvinnuumsóknarform þar.

Símasambandslaust var við höfuðstöðvar Landhelgisgæslunnar í fyrradag:

# Hefði getað reynst dýrkeypt

**ÞYRLUFLUG** Símasambandsleysi við höfuðstöðvar Landhelgisgæslunnar við Seljaveg hefði getað orðið dýrkeypt, að sögn Benónýs Ásgrímssonar þyrluflugstjóra hjá Gæslunni. Símalínur í grennd við húsið grófust í sundur um klukkan fjögur í fyrradag. Því var ekki hægt að undirbúa þyrluflugið til Blönduóss, þangað sem Steingrímur J. Sigfússon var sóttur, nógu vel.

„Við töfðumst svolítið vegna símasambandsleysisins þar sem við þurftum að afla okkur upplýsinga um veður eftir öðrum leiðum en venja er til. Venjulega fáum við fax með upplýsingum um veður niður á flugvöll áður en við leggjum af stað en þessar upplýsingar lágu ekki fyrir þegar við lögðum af stað,“ segir Benóný.

Hann segist óánægður með það að þessar aðstæður hafi skapast þar sem allar tafir geti verið dýrkeyptar í útköllum Landhelgisgæslunnar. „Þótt þessar tafir hafi ekki skipt máli í þessu tiltekna tilviki þá er það alveg ljóst að það má engan tíma missa þegar farið er í útköll sem þessi. Starfið er þess eðlis að allur undirbúningur fyrir útköll þarf að ganga hratt og vel fyrir sig. Vonandi koma þessar aðstæður ekki upp aftur í bráð.“ **- mh**



**BENÓNÝ ÁSGRÍMSSON ÞYRLUFLUGSTJÓRI** Benóný segir allar óþarfa tafir geta reynst dýrkeyptar í útköllum. Betur fer hafði símasambandsleysið ekki áhrif á það þegar Landhelgisgæslan sótti Steingrím J. Sigfússon. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Vertu smáborgaralegur

Aygo á heima innanbæjar.→ Hann skýst milli ljósa og smellir sér í hvaða bílastæði sem er. Góðir aksturseiginleikar og flottar græjur gera hverja ferð í Aygo að skemmtiferð.→ Með kraftmikilli 1.0 lítra vél er hann fyrstur af stað á ljósum og síðastur á bensínstöðina. Sestu uppí.→

AYGO
BY TOYOTA

**Engin útborgun & tryggingar innifaldar**
**Aðeins 22.852 kr. á mánuði***

*Sértilboð TM og AYGO. M.v. 84 mánuði.
Innifalið er afborgun af láni, tryggingar (ábyrgðar- og kaskótrygging) og bifreiðagjöld á fyrsta tímabili.

**AYGO**
Það er gaman að keyra




ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 30942 1/06

| | | | |
|---|---|---|---|
| Toyota | Toyota Akureyri | Toyotasalurinn | Toyotasalurinn |
| Nýbýlavegi 4 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 |
| Kópavogur | Akureyri | Reykjanesbær | Selfoss |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 421-4888 | Sími: 480-8000 |

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 17.01.2006

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 61,00 | 61,30 |
| Sterlingspund | 107,54 | 108,06 |
| Evra | 73,85 | 74,27 |
| Dönsk króna | 9,897 | 9,955 |
| Norsk króna | 9,107 | 9,161 |
| Sænsk króna | 7,903 | 7,949 |
| Japanskt jen | 0,5303 | 0,5335 |
| SDR | 88,44 | 88,96 |

*Gengisvísitala krónunnar*
103,3415

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



**HÓTEL VALHÖLL** Lagt er til að þetta fornfræga hús verði rifið að öllu eða hluta til og nýtt byggt í staðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hótel Valhöll á Þingvöllum:

## Rifið og nýtt byggt í staðinn

**ÞINGVELLIR** Lagt er til að Hótel Valhöll á Þingvöllum verði rifið og nýtt hús reist í staðinn. Hópur sérfræðinga sem Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra fól að gera úttekt á ástandi hótelsins telur álitlegast að sú leið verði farin.

Ástand hússins er bágborið og telja sérfræðingarnir að vænlegasti kosturinn sé að rífa það allt eða leyfa forgrunni hússins að standa en endurbyggja annað. Efnt verður til samkeppni um nýja hönnun hússins bráðlega. ■

Skíðasvæðið í Bláfjöllum:

## Þrír slösuðust á skíðum í gær

**SKÍÐASLYS** Tvö slys urðu í skíðabrekkunum í Bláfjöllum í gær og var einn fluttur fótbrotinn með sjúkrabíl á slysadeild.

Tvær stelpur skullu síðan saman í brekkunni með þeim afleiðingum að önnur tognaði illa, og hin marðist nokkuð.

Þrír sjúkrabílar voru sendir á vettvang til þess að ná í hina slösuðu en slysin urðu öll eftir að myrkva tók í gær. - mh

### LÖGREGLUFRÉTT

**Vöruflutningabifreið valt útaf** veginum að Bláa lóninu við Grindavík um fimm leytið í gær. Ökumaður bifreiðarinnar slasaðist lítillega en lögregla og sjúkrabíll komu á staðinn nokkrum mínútum eftir að slysið átti sér stað. Ökumaðurinn var fluttur á Landspíta-Háskólasjúkrahús til frekari rannsókna. Hann er á batavegi.

Jón Ásgeir Jóhannesson segist eiga í fjölmiðlum arðseminnar vegna:

# Ritstjórn ekki á hans könnu

**FJÖLMIÐLAR** Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs, segist eiga hlut í fjölmiðlafyrirtæki til að ávaxta peninga, ekki annars. Í yfirlýsingu sem hann sendi frá sér í gær tilgreinir hann ástæður þær að hann fjárfesti í Fréttablaðinu fyrir fjórum árum og útskýrir hvers vegna hann á enn í fjölmiðlafyrirtæki. Hann segir að ritstjórar DV hafa farið út af brautinni en einnig að þeir hafi tekið ábyrgð á ritstjórnarstefnu sinni. Segir hann aðra mega taka þá sér til fyrirmyndar.

Jón Ásgeir segist hafa séð árið 2002 framtíð í hugmyndum sem uppi voru um útgáfu Fréttablaðsins og talið að rekstur þess gæti skilað viðunandi afkomu.



**JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON** Segir marga hafa óskað eftir að hann beitti sér fyrir breytingum á fjölmiðlum 365.

Jón Ásgeir segir rekstur 365 ganga vel og að afkoma félagsins sé önnur og betri en áður hafi þekkst í fjölmiðlarekstri hérlendis. Hann segir uppgjör liggja reglulega fyrir í Kauphöllinni og bendir gagnrýnendum á að snúa sér þangað til að afla upplýsinga í stað þess að fullyrða annað um reksturinn.

Jón Ásgeir segir fjölmiðla 365 hafa verið heimfærða upp á hann persónulega að undanförnu og til hans hafi leitað fjöldi manna og óskað eftir að hann beitti sér fyrir breyttum efnistökum miðlanna. „Þeir sem hafa óskað eftir slíku við mig vita að það hefur engan árangur borið. Ritstjórn fjölmiðla er ekki á minni könnu. Ég kem að rekstri fjölmiðla út frá arðsemisforsendum og að þeir peningar, sem ég lagði til verkefnisins í upphafi, ávaxti sig,“ segir orðrétt í yfirlýsingu Jóns Ásgeirs. -bþs

Veðurofsi á Seyðisfirði:

## Þrír bílar fastir á Fjarðarheiði

**VEÐUROFSI** Lögregla og björgunarsveitin Ísólfur á Seyðisfirði höfðu í nógu snúast í veðurofsa á Seyðisfirði í gær en þrír bílar sátu fastir á Fjarðarheiði, milli Egilsstaða og Seyðisfjarðar, eftir að hafa runnið út af veginum í hálku.

Að sögn Guðjóns Sigurðssonar, formanns björgunarsveitarinnar, var skyggni lítið sem ekkert á heiðinni og aðstæður allar hinar verstu. „Það var slæmt veður í gær og við þurftum að fara í tvö útköll veðursins vegna. Rúður brotnuðu í íþróttahúsi á Seyðisfirði þegar ísmolar fuku á þær og svo fórum við að aðstoða ökumenn á Fjarðarheiði í brjáluðu veðri“. - mh

# Varla meirihluti fyrir Norðlingaölduveitu

**Kristinn H. Gunnarsson Framsóknarflokki flytur þingsályktunartillögu með stjórnarandstöðunni um stækkun friðlands Þjórsárvera. Umhverfisráðherra og formaður umhverfisnefndar leggjast ekki gegn stækkun friðlandsins.**

**STJÓRNMÁL** Kristinn H. Gunnarsson, þingmaður Framsóknarflokksins og varaformaður umhverfisnefndar Alþingis, verður einn af flutningsmönnum þingsályktunartillögu stjórnarandstæðinga í umhverfisnefnd Alþingis um stækkun friðlands Þjórsárvera.

„Ég verð einn af flutningsmönnum þingsályktunartillögu en við meðferð málsins í þingnefnd mun ég að sjálfsögðu hafa samráð við þingflokk Framsóknarflokksins eins og venja er um afstöðu til þingmála,“ segir Kristinn.

Hann segir að samþykkt meirihluta borgarstjórnar í svipaða veru merki að borgarfulltrúar Framsóknarflokksins séu sömu skoðunar og þingsályktunartillagan kveði á um. „Stuðningur innan flokksins er þá vaxandi við að fara þessa leið. Og ég vænti þess að menn muni endurskoða stefnu flokksins,“ segir Kristinn H. Gunnarsson og bætir við að varkár stefnubreyting forsætisráðherra í málinu sé skiljanleg.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, tók málið upp í upphafi þingfundar í dag og hvatti þingheim til þess að þyrma Þjórsárverum.

Kolbrún Halldórsdóttir, Vinstri grænum, sagði að ríkisvaldið hefði haft Gnúpverja og Skeiðamenn í gíslingu. „Vindurinn er að snúast. Forsætisráðherra ætti að leyfa sér að snúast með vindinum,“ sagði Kolbrún sem hefur flutt tillögur um stækkun friðlands Þjórsárvera mörg undanfarin ár.

Guðlaugur Þór Þórðarson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins og formaður umhverfisnefndar, vill taka tillit til afstöðu Gnúpverja og Skeiðamanna og í bókun sem hann og flokksbræður hans lögðu fram í borgarstjórn í gær er talið að rök hnígi að því að frá því verði horfið að ráðast í Norðlingaölduveitu í núverandi mynd.

Sgiríður Anna Þórðardóttir umhverfisráðherra kvað eðlilegt að málið fengi að þroskast frekar. „Mér finnst fyllilega koma til greina að stækka friðlandið,“ sagði Sigríður Anna og bætti við að út frá ríkjandi aðstæðum og áformum væri Norðlingaölduveita nú þegar sett á ís. „Það er engin sérstök þörf á því að farið verði í þessa framkvæmd á þessari stundu.“

Þingmenn í öllum flokkum töldu mikinn vafa leika á því í gær hvort þingmeirihluti væri fyrir framkvæmdum við Norðlingaölduveitu.

johannh@frettabladid.is



**KRISTINN H. GUNNARSSON OG KRISTJÁN L. MÖLLER** „Ég vænti þess að menn muni endurskoða stefnu flokksins,“ segir Kristinn sem fylgir minnihluta umhverfisnefndar.



**SIGRÍÐUR ANNA ÞÓRÐARDÓTTIR UMHVERFISRÁÐHERRA** „Norðlingaölduveita nú þegar sett á ís.“

Kona slasaðist í hálku:

## Lærbrotnaði eftir fall

**SLYS** Kona á miðjum aldri lærbrotnaði í gær eftir að hafa dottið í hálku á Höfn í Hornafirði. Konan var flutt á slysadeild og er hún á batavegi.

Mikil hálka er á götum bæja á Austfjörðum og í gær þurfti lögregla að aðstoða vegfarendur, bæði gangandi og akandi, en töluvert hefur verið um umferðaróhöpp í landshlutanum síðustu daga. - mh



**EGILSSEL** Skáli Ferðafélags Fljótsdalshéraðs fluttur að Kollumúla.

Hrakningar fyrir austan:

## Fastir í rúman sólarhring

**SAMGÖNGUR** Fimm menn frá Egilsstöðum sátu fastir í þremur jeppum á Kollumúlaheiði frá sunnudagskvöldi og þar til seint á mánudagskvöld. Björgunarsveitarmenn af Héraði sóttu mennina á snjóbíl og komu þeim í vinnubúðir Arnarfellsmanna við Kárahnjúka.

„Snjóbíllinn náði til mannanna sólarhring eftir að hjálparbeiðni barst og voru þeir allir vel búnir og við góða heilsu,“ segir Kjartan Einarsson hjá björgunarsveitinni á Héraði. - kk

### STJÓRNMÁL

**HITTIR JACK STRAW** Geir H. Haarde utanríkisráðherra hittir í dag Jack Straw, utanríkisráðherra Bretlands, í London. Ragnheiður E. Árnadóttir, aðstoðarmaður ráðherra, segir að á fundinum verði rædd mál er varða löndin tvö og sömuleiðis ýmis alþjóðamál.








Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

## VEÐURSPÁ

**ÞÍÐA MEÐ SUÐURSTRÖNDINNI**
Í dag hlýnar upp fyrir frostmark með suður- og suðvesturströndinni. Þetta byrjar að líkindum með snjókomu í morgunsárið sem þróast síðan yfir í slyddu og jafnvel rigningu. Víðast annars staðar á landinu verður frost með snjókomu eða éljum. Vindur verður þó skaplegur.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**
Allhvöss suðaustanátt með morgninum en lægir um hádegi. Snjókoma snemma morguns en síðan slydda og síðar rigning.

*um hádegi »*




*» á morgun*




Vindur hægur.

*» föstudagur*




Hægar vestlægar áttir.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 1°C hálfskýjað | París | 10°C alskýjað | Alicante | 17°C hálfskýjað |
| Osló | -2°C alskýjað | Berlín | 0°C snjóél | Mílano | 10°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | -1°C alskýjað | Frankfurt | 3°C skýjað/skúr | New York | 10°C rigning |
| Helsinki | -15°C heiðskírt | Madríd | 10°C hálfskýjað | San Francisco | 13°C þrumur |
| London | 12°C hálfskýjað | Barcelona | 15°C hálfskýjað | Orlando/Flórída | 16°C heiðskírt |

* Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.




**MIÐASALA Í BORGARLEIKHÚSINU, SÍMI 568 8000**

..maska production

Reykjavik Arts Festival – Listahátíð í Reykjavík

Landsbankinn

traustur bakhjarl Íslenska dansflokksins



## KJÖRKASSINN

*Var konum hafnað í prófkjörinu í Garðabæ?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 61,8% |
| NEI | 38,2% |

SPURNING DAGSINS Í DAG

*Óttast þú að vera ein(n) á ferli í miðborg Reykjavíkur?*

Segðu skoðun þína á Vísir.is

vísir

Gjaldþrot Hallarinnar í Vestmannaeyjum dregur dilk á eftir sér fyrir bæjarfélagið:

# Veðin ekki flutt vegna tafa

**GJALDÞROT** Lúðvík Bergvinsson, forseti bæjarstjórnar Vestmannaeyja, segir að bæjarstjórn hafi á sínum tíma aldrei samþykkt að veita mönnum í einkarekstri veð í vatnstönkum Vestmannaeyinga. Böndin berist að Guðjóni Hjörleifssyni, þáverandi bæjarstjóra.

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu í gær er hugsanlegt að lánadrottnar Karato, sem ráku veitingastaðinn Höllina í Eyjum, geti tekið vatnstankana upp í skuld, en þeir mynda sökkul hússins.

Guðjón Hjörleifsson, núverandi þingmaður Sjálfstæðisflokksins, segir að dregist hafi mjög að gera eignaskiptasamning vegna tafa á útfærslu og teikningum. „Samningar voru gerðir í samráði við Bæjarveitur Vestmannaeyja. Við ætluðum að flytja veðin af vatnstönkunum að gerðum eignaskiptasamningi en tafirnar urðu miklar og af ýmsum ástæðum,“ segir Guðjón.



GUÐJÓN HJÖRLEIFSSON ALÞINGISMAÐUR „Tafir á gerð eignaskiptasamnings urðu miklar og af ýmsum ástæðum.“

Bæjarveitur Vestmannaeyja voru seldar Hitaveitu Suðurnesja í ársbyrjun 2002 en umræddur eignaskiptasamningur var ekki gerður fyrr en ári síðar.

Gjaldþrot Karato nemur um 180 milljónum króna. Liðlega 10 manns hafa enn vinnu við veitingarekstur í Höllinni samkvæmt leigusamningi við þrotabúið. **- jh**

Sykursýki meðal barna:

# Tíðust meðal Svía og Finna

**NORÐURLÖND** Svíar og Finnar hafa hæstu tíðni sykursýki meðal barna í öllum heiminum. Í Svíþjóð fá um 700 börn sykursýki og er það tvöfalt meira en á áttunda áratugnum. Tíðnin í Svíþjóð er meira en tvöfalt meiri en í Kína og mun hærri en í Eystrasaltsríkjunum og öðrum ríkjum fyrrum Sovétríkjanna.

Sænsk heilbrigðisyfirvöld láta nú fara fram rannsókn á því hvers vegna sykursýki er svo algeng meðal barna í Svíþjóð og Finnlandi en talið er að þar hafi lífsstíllinn mikið að segja. Þá geta streituþættir eins og skilnaður foreldra haft áhrif á börnin.




KORT AF SVÆÐI NORÐLINGAÖLDUVEITU

Kostnaður við Norðlingaöldu:

# Kominn yfir einn milljarð

**LANDSVIRKJUN** Fyrirhuguð Norðlingaölduveita er sunnan Hofsjökuls, innan afrétta þriggja hreppa; Ásahrepps, Rangárþings eystra og Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Samkvæmt úrskurði setts umhverfisráðherra frá 2003 verður lón Norðlingaölduveitu alfarið utan friðlands Þjórsárvera. Markmið Landsvirkjunar með Norðlingaölduveitu er annars vegar að stuðla að hagkvæmri nýtingu vatnsafls og virkjana á Þjórsár- og Tungnársvæðinu og hins vegar að tryggja nægilegt framboð raforku til að mæta eftirspurn eftir raforku, ekki síst vegna stóriðju á Suðvesturlandi.

Samkvæmt upplýsingum Friðriks Sophussonar, forstjóra Landsvirkjunar, nema þeir fjármunir sem þegar hefur verið varið til rannsókna og undirbúnings Norðlingaölduveitu á annan milljarð króna. **- ssal**

# Borgarstjórn leggst gegn virkjun í Þjórsárverum

**Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkti samhljóða að falla frá gerð Norðlingaölduveitu. Ólafur F. Magnússon borgarfulltrúi Frjálslynda flokksins og upphafmaður tillögunnar segir samþykktina marka tímamót í sögu náttúruverndar á Íslandi. Sjálfstæðismenn sátu hjá við atkvæðagreiðsluna en studdu tillögun í orði.**

**NORÐLINGAÖLDUVEITA** Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkti í gær einróma tillögu Ólafs F. Magnússonar borgarfulltrúa Frjálslynda flokksins um að leggjast gegn öllum frekari virkjunarframkvæmdum í Þjórsárverum og falla frá gerð Norðlingaölduveitu.

„Þessi samþykkt markar tímamót í sögu náttúruverndar á Íslandi,“ segir Ólafur F. Magnússon.

Tillaga hans sem lá fyrir borgarstjórn í gær var svohljóðandi: „Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að Reykjavíkurborg sem 45 prósenta eignaraðili Landsvirkjunar leggist gegn öllum frekari virkjunarframkvæmdum í Þjórsárverum og að fallið verði frá gerð Norðlingaölduveitu“. Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri lagði til viðauka aftan við tillöguna: „Þess í stað er því beint til Landsvirkjunar að fyrirtækið skoði möguleika á uppbyggingu gufuaflsvirkjana sem eru umhverfisvænni kostur en vatnsaflsvirkanir.“ Og þannig var tillagan lögð fram til atkvæðagreiðslu sem fór á þann veg að níu borgarfulltrúar samþykktu hana, fulltrúar R-lista og F-lista, en borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokks sátu hjá.



**ÓLAFUR F MAGNÚSSON** Samþykkt borgarstjórnar um að falla frá gerð Norðlingaölduveitu hlýtur að miklu leyti að teljast persónulegur sigur Ólafs F. Magnússonar.

„Ég er auðvitað afskaplega ánægður með að tillaga mín skuli samþykkt samhljóða, reyndar með örlitlum orðalagsbreytingum sem ekki breyta neinu sem máli skiptir,“ segir Ólafur.

Þó svo að borgarfulltrúar Sjálfstæðismanna sætu hjá við afgreiðslu málsins lýstu þeir sig samþykka innihaldi hennar eins og kemur fram í bókun sem þeir lögðu fram en þar segir meðal annars: „Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins hvetja Landsvirkjun til að leita annarra hagkvæmra kosta til að koma til móts við stórkaupendur á raforku með virkjun gufuafls eða vatnsafls og áform um Norðlingaölduveitu verði lögð til hliðar.“

Í máli Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar, oddvita Sjálfstæðismanna, kom þessi afstaða enn fremur greinilega fram. „Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins eru þeirrar skoðunar að það eigi að leggja öll áform um Norðlingaölduveitu til hliðar,“ sagði Vilhjálmur og uppskar lófaklapp umhverfisverndarsinna á áheyrendapöllum borgarstjórnar en þeir klöppuðu ítrekað fyrir ræðumönnum þrátt fyrir ávítur forseta borgarstjórnar. **ssal@frettabladid.is**

## Mín viðbrögð í sjálfu sér engin



FRIÐRIK SOPHUSSON

„Mín viðbrögð eru í sjálfu sér engin því ég starfa hér í umboði stjórnar Landsvirkjunar sem á sínum tíma samþykkti að undirbúa þessa veitu og við höfum verið að vinna að undirbúningi hennar samkvæmt lögum og eftir því ferli sem notað er í umhverfis- og skipulagsmálum,“ segir Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar, um samþykkt borgarstjórnar.

„Ef eigendur Landsvirkjunar vilja gera breytingu á þeirri stefnu sem fylgt hefur verið, þá er það auðvitað mál þeirra og stjórnarinnar því við störfum einfaldlega samkvæmt lögum og þeirra ákvörðunum á hverjum tíma. Þannig að ég von á því að þetta mál verði til umræðu á næsta stjórnarfundi fyrirtækisins og þá væntanlega skýrast málin.“ **- ssal**

## Vekur vonir um framhaldið



INGUNN GUÐMUNDSDÓTTIR

„Það er bara ánægjulegt að heyra þetta og sama hvaðan gott kemur,“ segir Ingunn Guðmundsdóttir sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps um samþykkt borgarstjórnar en sveitarfélagið er einn af landeigendum á svæði fyrirhugaðrar Norðlingaölduveitu. „Það er augljóslega vaxandi stuðningur í þjóðfélaginu fyrir því að falla frá þessum áformum og óskandi að það gangi eftir.“

Ingunn bendir samt á að það sé vissulega engan veginn ljóst að svo verði þótt þessi samþykkt liggi fyrir. „Þetta er hins vegar gott skref í rétta átt í ljósi þess að þarna er um stóran eignaraðila að Landsvirkjun að ræða og einhverju hlýtur borgin að ráða þar inni. Þetta vekur vissulega vonir um framhaldið,“ segir hún. **- ssal**

## Sigur fyrir náttúruvernd



ÁRNI FINNSSON

„Þetta er gríðarlega mikill sigur fyrir náttúruvernd á Íslandi,“ segir Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands, um samþykkt borgarstjórnar. Hann segir hana skipta mjög miklu máli og minnir á að barátta fyrir verndun Þjórsárvera eigi sér áratuga sögu að baki. „Það er hins vegar verið að myndast samstaða í þjóðfélaginu um að hlífa Þjórsárverum og það er ekki annað að sjá en að allir flokkar í borgarstjórn Reykjavíkur taki undir það þó svo að fulltrúar Sjálfstæðismanna hafi setið hjá við sjálfa atkvæðagreiðsluna.“ Árni telur að framhald málsins sé nú í höndum Alþingis en bendir ennfremur á að framundan eru sveitarstjórnarkosningar í vor og alþingiskosningar á næsta ári. „Ég sé ekki að nokkur flokkur geti varið þessa framkvæmd fyrir kjósendum,“ segir hann. **- ssal**


www.icelandair.is/london

London







Verð frá

25.690 kr.

Innifalið: Flug báðar leiðir með flugvallarsköttum.

Þetta flug gefur 3.000 Vildarpunkta

ICELANDAIR
www.icelandair.is

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS ICE 30927 01/2006



## VEISTU SVARIÐ

1 Hvað heitir nýkjörinn forseti Chile?

2 Hvað heitir liðið sem Arnar Þór Viðarsson hefur ráðið sig til?

3 Hvað heitir íslenska stuttmyndin sem vann til verðlauna á kvikmyndahátíð í Prag á dögunum?

SVÖRIN ERU Á BLS. 78

Deilan um kjarnorkuáætlun Írana:

# Ýta fast á um afskipti öryggisráðs

**LUNDÚNUM, AP** Bresk stjórnvöld eru mjög ákveðin í því að stefna beri Íransstjórn fyrir öryggisráð Sameinuðu þjóðanna vegna kjarnorkuáætlunar hennar. Verið er að semja ályktun að þessu lútandi í Lundúnum, að því er háttsettur fulltrúi í breska utanríkisráðuneytinu greindi frá í gær.

Ráðamenn í Teheran báru hins vegar lof á málamiðlunartillögu Vladimírs Pútíns Rússlandsforseta um að bjóða Írönum að stunda tilraunir sínar með auðgun úrans í Rússlandi. Það myndi gera hægara um vik að hafa eftirlit með því að tilraunirnar miðuðu ekki að því að búa til kjarnorkuvopnatækt efni og hugsanlega gera afskipti öryggisráðsins óþörf.



**MÓTMÆLA KLERKASTJÓRNINNI** Landflótta Írani tekur þátt í mótmælum gegn írönsku klerkastjórninni fyrir utan stjórnarbyggingar í Lundúnum.

En talsmenn Bretlandsstjórnar efuðust um heilindi Íransstjórnar í málinu og ítrekuðu þá afstöðu sína að það bæri að koma til kasta öryggisráðsins. Ríkisstjórnir Bretlands, Frakklands og Þýskalands hafa beðið um að stjórn Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar verði kölluð saman á bráðafund í byrjun febrúar, en þar á að leggja ályktunardrögin fram.

Ráðamenn í Washington styðja Evrópuveldin í málinu og Rússar og Kínverjar - sem ásamt Bandaríkjamönnum, Bretum, og Frökkum hafa neitunarvald í öryggisráðinu - setja sig ekki upp á móti henni þótt þeir séu tortryggnari á að það þjóni tilgangi að ákveða þvingunaraðgerðir á hendur Írönum. - aa

Sextán umferðaróhöpp í gær:

# Ekki nægilega varlega farið

**UMFERÐ** Sextán umferðaróhöpp urðu í Reykjavík í gær en slæm færð olli miklum truflunum á umferð í borginni.

Sérstaklega var umferðin þung í gærmorgun þegar fólk var á leið til vinnu og fylgdist lögreglan þá grannt með ferðum.

Ágúst Birgisson hjá umferðardeild lögreglunnar í Reykjavík segir fólk ekki fara nógu varlega í umferðinni. „Það vantar stundum svolítið upp á einbeitinguna hjá fólki sem er að keyra í þessari erfiðu færð sem er nú í bænum. Fólk þarf að fara varlega og passa sig.“ - mh



**KIRKJA Í PRAG** Kirkjudeildir andæfa nú réttarbótum til handa samkynhneigðum.

Samkynhneigðir í Tékklandi:

# Kirkjan á móti

**TÉKKLAND, AP** Fulltrúar tíu kristinna kirkjudeilda í Tékklandi hafa skorað á þingið og forseta að hafna lagafrumvarpi sem myndi gefa samkynhneigðum pörum rétt til að skrá sig í staðfesta samvist.

„Við erum sannfærð um að fjölskyldan er grunneining samfélagsins sem ekkert fær komið í staðinn fyrir,“ segir í yfirlýsingu kirkjufulltrúanna. Lagaleg viðurkenning á sambúð samkynhneigðra er til þess fallin að grafa undan fjölskyldulífi og „mun valda upplausn gilda, aðallega meðal yngri kynslóðarinnar.“■

# Ehud Olmert boðar frið

**Staðgengill Ariels Sharon boðaði í gær hiklausar viðræður um frið við Palestínumenn eftir kosningarnar sem fram undan eru hjá báðum þjóðum.**

**ÍSRAEL, AP** Í fyrstu stefnuyfirlýsingu sinni frá því hann tók við embætti sem starfandi forsætisráðherra Ísraels sagði Ehud Olmert í gær að hann vildi taka aftur upp friðarviðræður við Palestínumenn og taka hart á ísraelskum landtökumönnum á Vesturbakkanum. Þessi orð hans þóttu benda til að hann sé reiðubúinn að grípa til róttækra ráðstafana til að binda enda á átökin milli þjóðanna.

Olmert tók einnig afdráttarlausa afstöðu gagnvart Íran og sagði að Ísraelar myndu ekki undir nokkrum kringumstæðum leyfa Írönum að koma sér upp kjarnorkuvopnum.

Orð Olmerts þykja hafa sérstakt vægi eins og staðan er nú í ísraelskum stjórnmálum. Flestir Ísraelar búast ekki við því að Ariel Sharon forsætisráðherra eigi afturkvæmt í stjórnmálin eftir heilablóðfallið sem hann fékk í byrjun ársins. Reikna flestir með því að Olmert komi í stað Sharons og leiði Kadima, stjórnmálaflokkinn sem Sharon stofnaði fyrir skemmstu við góðar undirtektir landa sinna, til sigurs í kosningunum til Ísraelsþings sem fram fara í lok mars.

Sjúkrahússtarfsmenn sögðu í gær að engra breytinga hefði orðið vart á líðan Sharons; hann sé ennþá í dái en ástand hans stöðugt.

Olmert, sem er fyrrverandi borgarstjóri Jerúsalem og varaforsætisráðherra í ríkisstjórn Sharons, nýtur afgerandi fylgis í skoðanakönnunum. Það setur hann í sterka stöðu til að byrja að hrinda í framkvæmd áformum Sharons um að skapa varanleg landamæri Ísraels, en það er ein helsta forsendan fyrir því að sátt skapist um stofnun sjálfstæðs ríkis Palestínumanna.

Olmert sagði að strax að loknum kosningum bæði í Ísrael og á heimastjórnarsvæðum Palestínumanna - þær fara fram í næstu viku - vonist hann til að geta sest að samningaborðinu með Mahmoud Abbas, leiðtoga Palestínumanna. Viðræðurnar myndu hafa „varanlegt friðarsamkomulag milli okkar og Palestínumanna“ að markmiði, sagði hann.



**GERIR TILKALL TIL FORYSTU** Ehud Olmert, starfandi forsætisráðherra Ísraels, hlýðir á spurningu blaðamanns á fundi í bústað Ísraelsforseta í Jerúsalem í gær.

audunn@frettabladid.is

Stríðsvopn af Balkanskaga:

# Ganga kaupum og sölum

**NOREGUR** Vopn úr stríðinu á Balkanskaga hafa endað í Noregi og gengið þar kaupum og sölum. Norska blaðið Dagbladet sagði í gær að einfalt væri að kaupa slík vopn í Noregi.

Vorið 2005 stöðvuðu sænskir tollverðir bíl með stríðsvopnum, meðal annars rifflum, sprengiefni og handsprengjum. Bíllinn er talinn hafa verið á leið til Drammen í Noregi.

Rannsókn hefur leitt í ljós að talsvert er um slík vopn í Noregi og eru þau meðal annars notuð við rán. - aa








# BLÁA BOMBAN

# 20%

## VIÐBÓTARAFSLÁTTUR

af allri útsöluvöru. Reiknast af við kassann.

| Upprunalegt verð: | 50% afsláttur af allri útsöluvöru: | | 20% viðbótarafsláttur á Bláu bombunni | |
|---|---|---|---|---|
| 990 kr. | -50% | 495 kr. | -20% | 396 kr. |
| 1.990 kr. | -50% | 995 kr. | -20% | 796 kr. |
| 2.990 kr. | -50% | 1.495 kr. | -20% | 1.196 kr. |
| 4.990 kr. | -50% | 2.495 kr. | -20% | 1.996 kr. |
| 6.990 kr. | -50% | 3.495 kr. | -20% | 2.796 kr. |

DEBENHAMS

SMÁRALIND

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS DEB 31000 01/2006

# skoðun

SJÓNARMIÐ
GUÐMUNDUR MAGNÚSSON

Það á að blása Norðlingaölduveitu af nú þegar.

## Kveða þarf upp úr um Þjórsárver

Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra treysti sér ekki til að taka af skarið með eða á móti Norðlingaölduveitu á blaðamannafundinum sem hann hélt á mánudaginn. Hann sagði hins vegar að engar framkvæmdir væru að fara þar í gang og enginn kaupandi hefði gefið sig fram og óskað eftir rafmagni frá veitunni. Kristinn H. Gunnarsson, þingmaður Framsóknarflokksins, les út úr ummælum forsætisráðherra og fleiri áhrifamanna í flokknum að kúvending hafi orðið á afstöðu flokksins til Norðlingaölduveitu. Kristinn er að vanda hreinskilinn og segir berum orðum að þessi stefnubreyting stafi af fylgiskreppu flokksins í Reykjavík. „Það er ekki vænlegt til árangurs að berjast fyrir máli sem kjósendur eru á móti,“ segir hann.

Meiri reisn hefði verið yfir því ef forsætisráðherra hefði kveðið upp úr um Norðlingaölduveitu á blaðamannafundinum heldur en að halda öllu opnu. Það er einmitt hálfkákið og moðið sem veldur því að ráðherrann hefur ekki öðlast þá leiðtogastöðu í augum þjóðarinnar sem fyrirrennari hans hafði. Segja má að með þessu hafi hann gefið boltann til samstarfsmanna sinna í ríkisstjórn. Verða þeir nógu snöggir að ná honum? Og vilja þeir það?

Spurningin um Norðlingaölduveitu er í augum almennings fyrst og fremst spurningin um Þjórsárver, einhverja mestu náttúruperlu Íslands. Þó að Kárahnjúkavirkjun hafi á sínum tíma verið samþykkt á Alþingi með miklum mun hefur hún valdið djúpstæðum klofningi meðal þjóðarinnar. Smám saman er það líka að gerast að erlendar þjóðir eru farnar að skipta sér af náttúruvernd og virkjunum á Íslandi. Í huga margra útlendinga, ekki síst þeirra sem þekkja og dást að náttúru Íslands, eru það ekki einkamál Íslendinga hvernig gengið er um landið heldur varðar það heiminn allan. Á sínum tíma var það metnaðarmál þjóðarinnar að sýna umheiminum að auðlindirnar í hafinu væru betur komnar í okkar höndum en útlendinga. Með sama hætti er það orðið nauðsynlegt og skynsamlegt að sýna öðrum þjóðum að við gerum okkur grein fyrir ábyrgð okkar á íslenskri náttúru gagnvart komandi kynslóðum.

Í nýútkomnum *Skírni*, tímariti Hins íslenska bókmenntafélags, er að finna forvitnilega samantekt um afstöðu manna til Gullfoss á fyrri hluta 20. aldar. Þegar á 19. öld var fossinn talinn eitt helsta náttúruundur landsins og auglýstur utanlands sem ferðamannastaður. En jafnframt voru að koma fram hugmyndir um að beisla kraftinn úr fossinum í þágu iðnaðar og samgangna. Rifjað er upp að árið 1908 tók ríkisstjórnin Gullfoss á leigu og framleigði hann síðan erlendum athafnamönnum sem áhuga höfðu á að virkja fossinn. Þetta var ekki rætt á Alþingi og telur höfundur Skírnisgreinarinnar, Unnur Birna Lárusdóttir sagnfræðingur, að stjórnvöld hafi með því sýnt mikla skammsýni. Aðeins einn alþingismaður, Sveinn Björnsson, síðar forseti Íslands, deildi á að svo mikilvægum réttindum sem yfirráðum yfir Gullfossi hefði verið fargað.

Til allrar hamingju gengu áform um virkjun Gullfoss úr skaftinu og fossinn er enn í tign sinni og fegurð eitt helsta undur og aðdráttarafl íslenskrar náttúru. Meðan þing og stjórn hafa ekki tekið af skarið um Norðlingaölduveitu er ástæða til að áhyggjur og vera á varðbergi gagnvart Þjórsárverum á sama hátt og menn höfðu réttmætar áhyggjur af Gullfossi forðum. Það var tilviljun sem bjargaði fossinum en framtíð Þjórsárvera á ekki og má ekki ráðast af þeirri hendingu hvort eftirspurn sé eftir rafmagni frá Norðlingaölduveitu. ■


Tilboð
Rauðmagi heill
199kr
Hreinsaður
499kr

HAFIÐ
FISKIPRINSINN
Hlíðasmári 8, s:554 7200

Fiskbúðin VEGAMÓT
Nesvegur 100 s:5576922
Arnarbakka 4-6 s:5621070


## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hrósvika

Það er hrósvika í gangi í þessum dálki. Í dag er það Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra sem fær rós í hnappagatið. Það gekk að vísu ekki auðveldlega að finna tilefni en eftir að hafa leitað um stund í heystakknum var heppnin með okkur; nálin kom í ljós. Blaðamannafundirnir! Þegar Halldór byrjaði með þessa fundi í Ráðherrabústaðnum höfðu fjölmiðlungar allan fyrirvara á gagnsemi og gildi uppátækisins. En þessir fundir hafa heppnast ágætlega og sýna lofsverða viðleitni ráðherrans til að opna stjórnsýsluna. Það hefur kannski ekki verið margt á dagskrá en þarna hafa blaðamenn þó fengið tækifæri til að hitta forsætisráðherra og ræða við hann um málefni líðandi stundar við hentugri og þægilegri aðstæður en símaviðtölin eru.



### Til hægri

Þegar DV var undir ritstjórn Illuga Jökulssonar og Mikaels Torfasonar fannst mörgum að þar gætti áberandi vinstri slagsíðu. Forystumenn Sjálfstæðisflokksins voru helsti skotspónn blaðsins. Það var áður en blaðið uppgötvaði hve utangarðsfólk í þjóðfélaginu er áhugavert. Nú eru nýir ritstjórar komnir að blaðinu, annar, Páll Baldvin Baldvinsson, gamall róttæklingur, hinn, Björgvin Guðmundsson, yfirlýstur frjálshyggjumaður. Líklega er þetta nokkuð góð blanda til mótvægis við miðjumoðið á Mogganum og hjá okkur á Fréttablaðinu. Björgvin er þegar farinn að láta að sér kveða í leiðaraskrifum DV. Í gær skrifaði hann um alfa og omega frjálshyggjunnar, mikilvægi eignarréttarins: „Aukin velferð á Íslandi í byrjun tíunda áratugar síðustu aldar er ekki síst að þakka betur skilgreindum eignar- og nýtingarétti í sjávarútvegi.“ Einhverjir eiga líkast til eftir að gera athugasemd við þetta.

### Ný bók

Magnús Þorkell Bernharðsson sendi í fyrra frá sér ritið *Píslarvottar nútímans*, þar sem fjallað var um sögu og stjórnmál í Írak og Íran. Fékk það ágætar undirtektir. Magnús, sem er kennari við sagnfræðideild Williams College í Williamstown í Massachusetts í Bandaríkjunum, lætur ekki deigan síga því nú hefur hann sent frá sér aðra bók um írösk málefni, að þessu sinni á ensku: *Reclaiming a Plundered Past. Archaeology and Nation Building in Modern Iraq*. Það er háskólaforlagið í Texas sem gefur bókina út. Vonandi verður hún í bókabúðum hér fljótlega.

gm@frettabladid.is

## Nákvæmni sem kækur

Í DAG
FJÖLMIÐLUN



JÓN ORMUR HALLDÓRSSON

*Þetta má sjá í fréttum og umfjöllun um pólitík, viðskipti, menningu og þjóðfélagsmein.*

Í borginni þar sem ég á heima búa hátt í fjórar milljónir manna. Borgarbúar geta valið á milli nokkurra staðbundinna dagblaða, auk fjölda blaða sem gefin eru út á landsvísu. Sum þessara staðbundnu blaða sinna heimsfréttum og landsmálum auk þess að fjalla um fréttir og menningu í borginni en önnur horfa lítið út fyrir borgina. Þau blöð sem nær einungis fjalla um heimaslóðir virka örlítið kjánaleg og eins og þau eigi í stöðugum vandræðum með að finna áhugaverðar fréttir af þessu litla fjögurra milljón manna samfélagi. Ég bjó einu sinni í bæ í Englandi sem er álíka fjölmennur og Ísland. Þar var gefið út dagblað sem átti það til að vera með fréttir af nýjum umferðarljósum á forsíðu og viðtöl við fólk um ekki neitt sem innefni.

Íslenskir fjölmiðlamenn eru miklir kraftaverkamenn því alltaf virðist svo mikið vera að gerast í okkar örsmáa samfélagi að nokkur dagblöð og tvær útvarps- og sjónvarpsstöðvar halda úti mjög öflugri og stundum fjölbreyttri fréttaþjónustu. Þetta fólk gæti líklega gert sér sæmilegan mat úr mannlífinu í milljónaborg. Smæðin gerir það hins vegar að verkum að fréttir verða miklu nákvæmnislegri en í stærri samfélögum. Flest af því sem sagt er frá er auðvitað þess eðlis að það kæmist ekki í fréttir í stærra samfélagi. Nákvæmar fréttir hafa sína kosti en líka sína galla. Sú hefð að greina af mikilli nákvæmni frá öllum málsatvikum í litlum málum sem stórum leiðir oft til þess að enga heildarmynd er að fá og ekkert samhengi að finna. Nákvæmnin verður að kæk. Kjarni málsins týnist í umfjöllun um tæknileg atriði og einstaka anga málsins sem eru raktir án þess að þeir varpi nokkru sérstöku ljósi á eðli þess. Til að fá mynd af fyrirbærum og skilja samhengi þeirra við aðra hluti þurfa menn stundum meiri fjarlægð en hefðir í íslenskri fréttamennsku bjóða upp á.

Umræða um fjölmiðlun á Íslandi virðist oftar en ekki snúast um það hvort íslenskir fjölmiðlar gangi of langt eða of skammt, séu of harðir eða of linir. Þessi orð ná svo sem vel því sem um er rætt, það er einkennum íslenskrar fjölmiðlunar, en kannski á kostnað þess að menn líti til annarrar víddar sem sjaldnar er rædd, þess hvort fjölmiðlar fari ekki of grunnt í flest mál. Nákvæmni er ekki það sama og dýpt. Orðin sem eru notuð, of skammt eða of langt, of hart eða of lint, vísa til þess hvernig fjölmiðlar umgangast persónur, hvort þjarmað er að þeim eða þeim hlíft um of. Spurningin um það hvort farið er grunnt eða djúpt snýr hins vegar ekki að persónum, heldur að því hversu nálægt menn komast kjarna málsins.

Það er eitt megineinkenni samtímans að mörkin á milli þess innlenda og þess alþjóðlega hafa máðst. Það staðbundna er sífellt meira mótað af hinu alþjóðlega og almenna. Atburði og þróun í einu samfélagi má yfirleitt skilja sem staðbundnar birtingarmyndir alþjóðlegra fyrirbæra. Til að ná skilningi á hinu staðbundna þurfa menn oftlega frekar að setja það í almennt og alþjóðlegt samhengi en að eltast við minnstu anga hvers máls. Fjölmiðlun á Íslandi hefur sumpart færst alveg í hina áttina. Hún hefur farið að snúast meira um fólk en fyrirbæri og líka um það sem menn telja af misgáningi að sé séríslenskt frekar en almennt. Þetta má sjá í fréttum og umfjöllun um pólitík, viðskipti, menningu og þjóðfélagsmein. Þróun til þess að persónugera fyrirbæri er alþjóðleg en í fámenninu hér tekur hún á sig dálítið sérkennilegar myndir. Þessi tegund fréttamennsku byggir nefnilega á því að til sé hópur af fólki sem er öðru vísi en annað fólk. Fjarlægð er nauðsynleg til að gera líf hinna frægu nægilega áhugavert og sérstakt til að menn fýsi í að fá innsýn í það eins og vel sést á kjánaskapnum í kringum tilraunir fjölmiðla til að búa til hóp frægs fólks á Íslandi. Tilraunir til þess að útskýra pólitík, viðskipti og menningarfyrirbæri á Íslandi án þess að líta út fyrir stendur landsins skila líka oft litlum árangri.







FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871















## ÚRVAL AF STILLANLEGUM RÚMUM




**Svefn & heilsa** ★★★★★

**www.svefn.is**

*Verið velkomin*

★ GÆÐI ★ GÓÐ VERÐ ★ ÞJÓNUSTA ★ ÚRVAL ★ ÞEKKING

# Útsölulok að Klettthálsi 13

## Síðasti dagur 24. janúar




Inngangur




**25-70% afsláttur**

Útlitsgallað og eldri gerðir af heilsudýnum: King, Cal king, 80 cm, 90 cm og rúm. Höfuðgaflar, náttborð og ýmislegt fleira.

**LÆKKUM VERÐ ENN MEIRA • ALLT Á AÐ SELJAST • MÁ PRÚTTA!**

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00



RUDYARD KIPLING (1865-1936) LÉST ÞENNAN DAG.

*„Getgátur konu eru mun nákvæmari en fullvissa karlmanns.“*

*Rudyard Kipling hlaut bókmenntaverðlaun Nóbels 1907. Frægasta verk hans er án efa sagan um frumskógardrenginn Mógli.*

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 18. JANÚAR 1912

# Scott kemst á Suðurpólinn



Eftir tveggja mánaða þrekraun náði leiðangur breska landkönnuðarins Roberts Falcon Scott til Suðurpólsins á þessum degi árið 1912. Mikil urðu vonbrigði þeirra þegar þeir komust að því að leiðangur norska landkönnuðarins Roalds Amundsen hafði orðið heilum mánuði á undan þeim á pólinn.

Vonsviknir undurbjuggu þeir því ferð sína aftur til grunnbúða sinna.

Scott var þekktur heimskautafari og hafði farið ófáa könnunarleiðangra til Antartíku frá árinu 1901. Árið 1911 hófst nokkurs konar óyfirlýst kapphlaup Amundsens og Scotts á Suðurpólinn. Báðir hóparnir fóru af stað í október en Amundsen sem notaðist við sleðahunda komst á leiðarenda þann 14. desember 1911. Þá fékk hópur hans gott veður á bakaleiðinni. Scott og félagar, sem notuðu mótorknúna sleða, smáhesta og hunda, voru ekki svo heppnir. Sleðarnir biluðu, skjóta þurfti hestana og hundasleðateymin voru send til baka meðan Scott og fleiri héldu áfram fótgangandi. Á leiðinni í grunnbúðirnar gerði slæmt veður. Lík Scotts og tveggja samferðamanna hans fundust frosin í tjaldi um ellefu mílum frá grunnbúðunum, um átta mánuðum síðar.

## MERKISATBURÐIR

**1778** Enski skipstjórinn James Cook uppgötvar Hawaii fyrstur evrópskra manna.

**1919** Friðarráðstefna hefst í Versölum í Frakklandi.

**1930** Hótel Borg tekur til starfa þegar veitingasalirnir eru opnaðir.

**1937** Snjódýpt í Reykjavík mælist 55 sentimetrar.

**1968** Leigubílstjóri á fimmtugsaldri er skotinn til bana í bifreið sinni.

**1969** Eldur kemur upp á Korpúlfsstöðum.

**1996** Lisa Marie Presley sækir um skilnað frá poppgoðinu Michael Jackson.


## 70 ára afmæli



**Lúðvíg Thorberg Helgason**
skáld, Hátúni 10a, Reykjavík

*verður sjötugur 18. janúar n.k.
Hann frestar fagnaðarlátum um
óákveðinn tíma í tilefni afmælisdagsins.
Blóm og kransar afbeðnir*





†

*Ástkær eiginkona mín, móðir, amma, langamma og langalangamma*

**Sigríður Ólafsdóttir**
frá Bergvík, Lágholti 6, Mosfellsbæ

lést föstudaginn 13. janúar. Útför fer fram frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 19. janúar kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á félag aðstandenda Alzheimers sjúklinga s. 533 1088 & 898 5819. Þökkum starfsfólki á Víðinesi fyrir alúð, vinsemd og góða umönnun. Guð blessi ykkur öll.

Kristján Þorgeirsson
Ólöf Ásta Kristjánsdóttir
María Kristjánsdóttir — Guðmundur Vignir Þórðarson
Ingibjörg Kristjánsdóttir — Kristinn Orri Erlendsson
Páll Kristjánsson — Katrín Tómasdóttir
Höskuldur Svavarsson
barnabörn og barnabarnabörn





†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma langamma*

**Þóranna Finnbogadóttir**
Kristnibraut 77, Reykjavík

lést á Landspítala Landakoti, laugardaginn 14. janúar. Útförin fer fram frá Eyvindarhólakirkju, Austur-Eyjafjöllum laugardaginn 21. janúar kl. 11.00

Eyjólfur Torfi Geirsson — Þóra Sigríður Einarsdóttir
Kristín Geirsdóttir — Ólafur Hróbjartsson
Tryggvi E. Geirsson — Dagný Ingólfsdóttir
Kolbrún Geirsdóttir — Guðmundur Sigurðsson
Þórhildur R. Geirsdóttir
Magnús Þór Geirsson — Margrét Erna Þorgeirsdóttir
Axel Geirsson — Ásgerður S. Gissurardóttir
Finnbogi Geirsson — Dalrós Jónasdóttir
Guðlaug Geirsdóttir — Þórarinn Guðmundsson
barnabörn og barnabarnabörn



LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR
Mikið úrval legsteina og fallegra fylgihluta.
Ljósker, blómavasar, englar, styttur, kerti og margt fleira.
Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.
S. HELGASON
Skemmuvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | www.shelgason.is




**JÓHANNA REYNISDÓTTIR BÆJARSTJÓRI** Vinir hennar og kunningjar skildu lítt í þeirri ákvörðun að kaupa sér hús í Vogum þegar hún var ráðin sveitarstjóri fyrir sextán árum. Hún hefur aldrei séð eftir þeirri ákvörðun. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

## SVEITARFÉLAGIÐ VOGAR: ÞÚSUND ÍBÚA MARKINU NÁÐ

# Vogar verða bær

Tímamót urðu í sögu Voga á Vatnsleysuströnd um áramót þegar íbúafjöldinn fór yfir þúsund íbúa markið. Þar með varð sveitarfélagið bær en hafði áður verið hreppur.

„Ég þarf aðeins að hugsa mig um áður en ég segi titilinn,“ segir Jóhanna Reynisdóttir sem ekki er lengur sveitarstjóri heldur bæjarstjóri Voga. Að sama skapi varð hreppsstjórn að bæjarstjórn og oddviti að forseta bæjarstjórnar. Jóhanna er að vonum ánægð með fjölgunina í sveitarfélaginu en segir hana ekki tilviljun. „Árið 1999 fórum við í markaðssetningu á þorpinu. Við vorum svo nálægt höfuðborgarsvæðinu að við töldum okkur eiga góða möguleika á að fá til okkar eitthvað af því fólki sem var að skipta um eignir. Fjöldi barnafólks flutti hingað og síðan hefur bærinn markaðssett sig sjálfur.“ Mörg dæmi eru um að fjölskylda hafi flust í Voga og látið svo vel af dvölinni að vinir og ættingjar hafa fylgt í kjölfarið. Sveitastjórnin greip meðal annars til þess ráðs að niðurgreiða gatnagerðargjöld til að laða til sín fólk og þurfti fólk aðeins að greiða í kringum fimm hundruð þúsund krónur fyrir lóðir. Nú er annað uppi á teningunum, lóðir eru greiddar fullu verði enda eftirspurnin mikil.

Jóhanna segir áherslu lagða á þjónustu fyrir fjölskyldufólk en minna sé lagt upp úr að skapa atvinnutækifæri. „Flestir íbúanna vinna utan sveitarfélagsins. Héðan er líka stutt á höfuðborgarsvæðið og það líta margir á það sem kost að vinna þar en búa í svona litlu sveitarfélagi. Við erum eins og úthverfi.“

Sjálf fluttist Jóhanna til Voga fyrir sextán árum, þegar hún tók við sveitarstjórastarfinu. Áður hafði hún stýrt útibúi Íslandsbanka í Keflavík en hún er Keflvíkingur. „Ég keypti hér hús þegar ég var ráðin og vinir og kunningjar skildu ekkert í þessari fjárfestingu og vöruðu mig mikið við henni,“ rifjar Jóhanna upp. „Ég sá hins vegar möguleikana og sagðist hafa trú á þessu og hef aldrei séð eftir að hafa keypt og flutt hingað.“

Vogabúar ætla ekki að slaka á þótt þúsund íbúa markinu sé náð. „Þetta er bara fyrsti áfangi af mörgum og við stefnum hraðbyri í tvö þúsund,“ segir Jóhanna og bendir á að næsta ári verði 1.300 íbúar í sveitarfélaginu. „Þá miða ég bara við eignir sem þegar er búið að selja og byrjað er að reisa. Svo bíður verktaki eftir að við deiliskipuleggjum fjögur hundruð íbúa hverfi og ef það byggist á sjö árum verðum við orðin um tvö þúsund.“ Enn frekari stækkun er í kortunum því verktakafyrirtækið Eykt hefur óskað eftir að fá að byggja 15.000 manna byggð í mörkum Voga og Hafnarfjarðar. „Þess er kannski ekki langt að bíða að við verðum borg,“ segir Jóhanna og hlær.

Á síðustu sjö árum hefur Vogabúum fjölgað um 40 prósent sem er fáheyrð fjölgun þegar horft er til landsins alls. ■

## JARÐARFARIR

**15.00 Dagmar Ingólfsdóttir,** Álftamýri 58, Reykjavík, verður jarðsungin frá Grensáskirkju.

**15.00 Elínborg J. Björnsdóttir,** Laugalæk 62, Reykjavík, verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í Reykjavík.





**Þegar andlát ber að**

Síðastliðin 15 ár höfum við feðgar aðstoðað við undirbúning útfara.
Alhliða útfararþjónusta
Símar: 567 9110,
893 8638 og 897 3020
Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990


## ANDLÁT

**Hörður Steinþórsson** lést á Grund föstudaginn 6. janúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Gísli Aðalsteinn Hjartarson,** Fjarðarstræti 2, Ísafirði, lést þriðjudaginn 10. janúar.

**Jóna Jakobína Jónsdóttir,** Vogum, Mývatnssveit, Langholtsvegi 139, Reykjavík, lést miðvikudaginn 11. janúar.

**Víkingur Guðmundsson,** Grænhóli, Akureyri, andaðist á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri miðvikudaginn 11. janúar.

**Pétur Gauti Hermannsson,** Holtsbúð 42, Garðabæ, lést fimmtudaginn 12. janúar.

**Jens Ólafur Páll Sveinsson** bakari, Hrafnistu, Reykjavík, lést á Landspítalanum í Fossvogi föstudaginn 13. janúar.

**Áslaug Þorfinnsdóttir, Stella,** Hrafnistu, Reykjavík, áður Sogavegi 142, lést á Landspítalanum við Hringbraut laugardaginn 14. janúar.

**Þóranna Finnbogadóttir,** Kristnibraut 77, Reykjavík, lést á Landspítala, Landakoti, laugardaginn 14. janúar.

**Benedikt Bent Ívarsson,** Lágholti 17, Mosfellsbæ, lést á Landspítalanum í Fossvogi sunnudaginn 15. janúar.

**Magnús Már Lárusson,** fyrrverandi rektor Háskóla Íslands, andaðist sunnudaginn 15. janúar.

## AFMÆLI



**Gunnar Kristjánsson** prófastur er 61 árs.



**Finnbogi Jónsson** framkvæmdastjóri er 56 ára.



**Gunnar Örn Kristjánsson,** stjórnarformaður Bræðranna Ormsson, er 51 árs.



**Stígur Steinþórsson** leikmyndahönnuður er 46 ára.



**Jón Karl Helgason** bókmenntafræðingur er 41 árs.



**Páll Rósinkrans Óskarsson** tónlistarmaður er 32 ára.



**Helgi Seljan Jóhannsson** fréttamaður er 27 ára.

*Góðan dag!*

Í dag er miðvikudagurinn 18. janúar, 18. dagur ársins 2006.

**KRÍLIN**





**Flokkar**

- Bílar & farartæki
- Keypt & selt
- Þjónusta
- Heilsa
- Skólar & námskeið
- Heimilið
- Tómstundir & ferðir
- Húsnæði
- Atvinna
- Tilkynningar



SMÁAUGLÝSINGAR
SÍMI: 550 5000

ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is

vísir





Laufey Einarsdóttir klárar atvinnuflugnámið í sumar og verður þá bæði flugfreyja og flugmaður. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Flugfreyja dreif sig í flugnám

***Laufey Einarsdóttir flugfreyja er búin að læra einkaflug og er nú í atvinnuflugmannsnámi í Flugskóla Íslands. Hún hlakkar til að fá atvinnuflugmannsréttindi og segir að innanlandsflugið heilli sig mest.***

Laufey hefur starfað sem flugfreyja hjá Flugleiðum síðan 1997 samhliða flugnáminu. „Ég byrjaði að læra einkaflug vorið 1999 og kláraði það þá,“ segir Laufey. Hún fór síðan að læra atvinnuflug og byrjaði í náminu strax haustið 1999. „Ég hætti svo í náminu eftir 11. september 2001. Þá var allt á niðurleið og mér fannst ekkert vit í þessu lengur. Ég var síðan alltaf á leiðinni í það aftur en ég eignaðist litla stelpu og gat þá ekki farið alveg strax. Þegar hún var orðin eins árs og kominn uppgangur í flugið aftur var ekki eftir neinu að bíða svo ég byrjaði aftur í skólanum síðasta haust.“

Laufey segir að námið sé mjög skemmtilegt. „Þetta er held ég með því skemmtilegasta sem hægt er að læra.“ Hún segir að bóklega námið sé mjög mikið. „Við erum alla virka daga frá hálf níu til þrjú í skólanum og svo er mikill heimalærdómur líka. Eftir að bóklega hlutanum lýkur tekur við törn af flugtímum. Við þurfum að læra blindflug, flug á tveggja hreyfla vélum og ýmislegt fleira.“

Laufey segir að það fari bara eftir veðri og vindum hvað verklegi hlutinn taki langan tíma. „Ég átti flugtíma í dag en það verður ekki flogið. Það er ekki hægt að fljúga svona lítilli rellu þegar eitthvað er að veðri.“

Laufey hlakkar mikið til að fá atvinnuflugmannsréttindi og hana langar mest til þess að komast að sem flugmaður í innanlandsflugi. „Ég væri ofboðslega mikið til í að byrja á Focker innanlands. Mér finnst það mjög heillandi flugvél og mjög heillandi að fljúga innanlands,“ segir hún.


**emilia@frettabladid.is**


## LIGGUR Í LOFTINU

**[FERÐIR NÁM BÍLAR]**

**Skíðaferð** á vegum Útivistar verður farin þann 22. janúar. Snjóalög munu ráða för en heldur áfram sem er ætti að vera úr nógu að velja. Brottför verður frá BSÍ klukkan hálf ellefu.



**Mímir símenntun** á Grensásvegi er kominn af stað með vornámskeið sín og er þar af nógu að taka. Nánari upplýsingar má finna á www.mimir.is.

**15.222.939** nýir fólksbílar seldust á árinu 2005 á Evrópska efnahagssvæðinu. Salan jókst mest á Íslandi, eða um 52 prósent, og í Lettlandi þar sem aukningin var 48 prósent. Mestur samdráttur varð í Póllandi. Þetta kemur fram á www.fib.is.



**Barnafargjöld** Iceland Express hafa slegið í gegn síðan síðasta vor. Þeir sem eru að púsla saman fjölskylduferð ættu að skoða verðin hjá þeim. Barnafargjald aðra leiðina kostar 5.995 krónur aðra leiðina til allra áfangastaða Iceland Express.

**Starfaskipti** í Afríku eru í boði fyrir þá sem vilja vinna gegn útbreiðslu HIV veirunnar. Haldinn verður kynningarfundur um starfaskiptin á vegum AIESEC stúdentafélags mánudaginn 23. janúar í Lögbergi í Háskóla Íslands. Nánari upplýsingar má sjá á http://hiv.aiesec.is.


# Heimilislán SPK

*- þú færð betri kjör hjá okkur*

Þú getur notað lánið til að kaupa eða endurnýja allt sem tengist heimilinu, s.s. sófasett, þvottavél, sjónvarp, parket, ísskáp o.fl.



- lægri vextir
- afsláttur af lántökugjaldi
- enginn auka kostnaður við uppgreiðslu
- ekki skilyrði að vera viðskiptavinur hjá SPK

**Sparisjóður Kópavogs**
Hlíðasmára 19 • Digranesvegi 10 • Select við Smáralind
Sími: 515 1950 • Fax: 515 1909 • www.spk.is • spk@spk.is

spk

**Skólarnir** eru flestir byrjaðir aftur eftir jólafrí. Mörgum finnst erfitt að komast í gang eftir frí og það skiptir miklu máli að venja sig aftur á að fara snemma að sofa til að vera vel upplagður.



Keramik fyrir alla

Barnaafmæli
Bekkjaferðir



Frábær skemmtun fyrir allan hópinn.
Tilboðspakkar
Keramik og pizza frá kr. 990 á mann.

Keramik fyrir alla,
sími 552 2882, Laugavegi 48b.
Sjá lýsingu: www.keramik.is

allt
atvinna
Alla sunnudaga

"Þetta námskeið hjálpaði mér að rúmlega fjórfalda leshraða minn."
Kristján Ó. Davíðsson 18 ára nemi í VÍ.

"Ég hef margfaldað lestrarhraða minn."
Monika Freysteinsdóttir, 22 ára Háskólanemi.

Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:
Nytsamlegt, áhugavert, krefjandi, skemmtilegt, mjög gott, þægilegt, lipurð, skipulagning, einbeiting, jákvæðni, mikil aðstoð, góður kennari, spennandi, árangursríkt, hvetjandi, góð þjónusta, frábært, markvisst, hnitmiðað.

....næsta námskeið 15. febrúar
SELFOSS – 25. janúar
Skráning hafin á www.h.is og í síma 586-9400

HRAÐLESTRARSKÓLINN

Námsflokkar Reykjavíkur

Viltu rifja upp grunnskólafögin?

Í prófadeild Námsflokkanna er kennd enska, danska, íslenska og stærðfræði á grunnskólastigi. Grunnnám samsvarar 8. og 9. bekk og fornám 10. bekk. Námið er ætlað þeim sem ekki hafa lokið grunnskólaprófi eða vilja upprifjun frá grunni.

Kennt er í Mjódd, Þönglabakka 4. Innritun fer fram kl. 9:00-16:00 í Mjóddinni og í síma 567 7050.
Skólagjöld miðast við fjölda kennslustunda.

www.namsflokkar.is nfr@namsflokkar.is

Svo lengi lærir sem lifir

ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á VISIR VEF TV



HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!
Yfir 300 sjónvarpsþættir og kvikmyndir
í stafrænum gæðum á visir.is



Grétar L. Marinósson er prófessor við Kennaraháskóla Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Mikil áhersla á árangur

***Í tímaritinu Uppeldi og menntun birtist nýlega grein sem heitir Stangast samræmd próf á við stefnuna um skóla fyrir alla. Höfundur greinarinnar er Grétar L. Marinósson prófessor við Kennaraháskóla Íslands.***

„Samræmd próf eru vaxandi tilhneiging, ekki bara hér heldur í heiminum öllum," segir Grétar. Hann segir að tilhneigingin sé að skoða árangur náms frekar en að skoða hvernig nám fer fram. „Það að skoða árangur er hluti af þessari menningu að sjá hverjir standa sig betur en aðrir og sjá einhverja sigurvegara sem þýðir að það eru alltaf einhverjir sem tapa líka."

Grétar segir að samræmd próf stangist á við það sem kennari verður að hafa í huga við kennslu sem eru þarfir hvers og eins. „Í staðinn er standard sem er stöðugt reynt að hækka og þar af leiðandi ýtt á að fólk geri betur og það stangast á við þetta umhyggjusjónarmið sem þarf að vera í skólum líka." Grétar telur að ekki sé auðvelt að leysa þetta vandamál því að það sé alltaf til staðar. „Maður finnur þetta á uppeldi sinna eigin barna að maður gerir bæði kröfur til þeirra, sýnir þeim einnig umhyggju og reynir að hafa jafnvægi þar á milli."

Grétari finnst hins vegar að með samræmdu prófunum verði áherslan meiri á að skoða bara árangur og setja nemendur í samkeppnisumhverfi. „Ég er ekki endilega að segja að samræmd próf séu slæm í sjálfu sér, heldur það hvernig þau eru notuð og hvernig niðurstöðurnar eru birtar," segir Grétar.

# Peysuprjón fyrir alla

***Prjónanámskeið fyrir byrjendur.***



Prjónaskapur er nýjasta tíska núna.

Mímir-símenntun stendur fyrir prjónanámskeiði 1. til 22. febrúar. Námskeiðið verður kennt á miðvikudagskvöldum frá klukkan 19 til 22 og kennari er Ásta Kristín Siggadóttir. Þátttakendum verður kennt að skilja prjónauppskriftir og vinna eftir þeim. Námskeiðsgjald er 18.000. krónur. Það er alveg tilvalið fyrir þá sem vilja fylgja nýjustu tísku að læra að prjóna nú þegar allar skærustu stjörnur Hollywood eru farnar að prjóna á sig sjálfar.



Hægt er að sækja skemmtileg og lífleg leiklistarnámskeið hjá Leikfélagi Akureyrar.

# Komdu að leika

***Komdu að leika er yfirskrift á leiklistarnámskeiði sem Leikfélag Akureyrar heldur í lok janúar. Námskeiðið hentar öllum þeim sem hafa áhuga á leiklist.***

Leiklistarfélag Akureyrar býður upp á leikslistarnámskeið í lok janúar og byrjun febrúar. Námskeiðunum er skipt niður í aldurshópa allt frá átta ára aldri til fullorðinsaldurs.

Á námskeiðunum verður farið í grunnatriði leiklistar. Kennslan er byggð upp á leikjum, ýmsum æfingum, spuna og trúðatækni. Markmiðið með námskeiðinu er umfram allt að skemmta sér en um leið að virkja og efla ímyndunaraflið, uppgötva leynda hæfileika og lyfta sér upp frá daglegu amstri.

Áhugasamir eru hvattir til að skrá sig sem fyrst þar sem samskonar námskeið voru haldin í fyrra og var þátttakan þá meiri en hægt var að anna. Nánari upplýsingar fást hjá Leikfélagi Akureyrar.

# UT dagur í næstu viku

***Þann 24. janúar verður upplýsingatæknidagurinn haldinn þar sem vakin verður athygli á möguleikum Íslendinga á sviði upplýsingatækni.***



Í tilefni af UT deginum, sem fer fram 24. janúar, verður haldin ráðstefna á Nordica hótel og gefið út kynningarefni um upplýsingatækni á Íslandi.

Upplýsingatæknidagurinn, UT-dagurinn, verður haldinn í fyrsta sinn þann 24. janúar næstkomandi. Deginum er ætlað að vekja athygli á þeim tækifærum sem Íslendingar hafa á sviði upplýsingatækni, upplýsingatækniiðnaðar og fjarskipta.

Á UT deginum verður haldin ráðstefna á Nordica hótel sem send verður beint út á vef UT-dagsins, www.utdagur.is, ásamt því að nýr vefur um upplýsingatækni verður opnaður, www.utvefur.is. Einnig verður gefið út kynningarefni um upplýsingatækni.



Á ráðstefnunni verður meðal annars farið yfir tölfræðilega samantekt á íslensku upplýsingasamfélagi. Hilmar V. Pétursson, framkvæmdastjóri CCP, ræðir um íslenskan sýndarveruleika. Fjallað verður um áhrif og ávinning af upplýsingatækni, skýrt frá tilraunaverkefni um samráð og samskipti milli almennings og opinberra aðila. Einnig verður rætt um rafræna lyfseðla og um ýmis áhugaverð verkefni.

Það eru forsætisráðuneytið, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, samgönguráðuneytið og fjármálaráðuneytið í samstarfi við Póst- og fjarskiptastofnun, Samtök upplýsingatæknifyrirtækja og Skýrslutæknifélagið sem standa að deginum. Dagskrána má sjá í heild sinni á www.utdagur.is.

# Leikandi létt tilfinning

***Námskeið í tilfinningaleikni verður haldið hjá Mími símenntun í febrúar. Þar er kennd sjálfsþekking og að bæta samskipti við aðra.***

Haldið verður námskeið í tilfinningaleikni í byrjun febrúar. Námskeiðið er ætlað öllum þeim sem hafa áhuga á að komast í nánari tengsl við sjálfan sig og aðra sem eru hluti af daglegu lífi.

Kennsla í tilfinningaleikni miðar að því að kenna fólki að hlusta á það sem tilfinningarnar segja því og læra að koma tilfinningunum í það form sem hver og einn er sáttur við. Á námskeiðinu er í raun kennd aðferð að sjálfsþekkingu og um leið bættari samskiptum við aðra. Tilfinningatækni hefur meðal annars orð á sér fyrir góðan árangur í samskiptum við börn.

Námsaðferðin sem kennd er á námskeiðinu er byggð á rannsóknum heimspekingsins og sálfræðingsins Eugene Gendlin, kennara við University of Chicago.

Námskeiðið er kennt hjá Mími símenntun og hefst 7. febrúar. Kennari verður Valgerður Ólafsdóttir, MA í þróunarsálfræði.



Námskeið í tilfinningaleikni hjálpar fólki að komast í snertingu við sjálft sig og bæta samskipti sín við aðra bæði í einkalífi og á vinnustað.

# Nám fyrir lesblinda

***Lesblinda háir mörgum við nám og lærdóm. Í lok janúar fer af stað námskeið sem miðar að því að hjálpa lesblindum að leiðrétta lesblinduna.***

Mikil þörf hefur verið á úrræðum fyrir lesblinda og fólk með lesraskanir. Algengt er að lesblindir lendi í miklum erfiðleikum í skólakerfinu og margir hverjir dragist aftur úr.

Hjá Mími símenntun er kennt námskeiðið Aftur í nám, ætlað lesblindum, og er það 95 kennslustundir. Stór hluti námskeiðsins fer fram í einstaklingskennslu og er þar um nýja nálgun að ræða. Stuðst verður við aðferðir Ron Davis á leiðréttingu lesblindunnar. Námskeiðið hefst með sjálfstyrkingu og kennd verður námstækni, íslenska og ritvinnsla í tölvum auk þess sem allir þátttakendur fá námsráðgjöf. Fyrst og fremst er verið að gefa fólki færi á að leiðrétta lesblindu sína og auka þannig tækifæri sín í lífinu. Næsta námskeið hefst 24. janúar og munu fræðslusjóðir Eflingar og Verslunarmannafélagsins ásamt fleiri stéttarfélögum styrkja sína félagsmenn til námsins. Nánari upplýsingar má fá hjá Mími símenntun.



Hægt er að læra sig út úr lesblindu og öðlast með því nýtt tækifæri til að geta sinnt námi af fullum krafti.



Í lok febrúar er búist við niðurstöðum frá starfshópi sem kannar sameiningu Háskóla Íslands og Kennaraháskólans.

# Rætt um sameiningu KHÍ og HÍ

***Starfshópur á vegum menntamálaráðuneytisins kannar hvort hagstætt sé að sameina starfsemi Háskóla Íslands og Kennaraháskólans.***

Starfshópur hefur verið skipaður af Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur menntamálaráðherra til að kanna hvort hagstætt sé að sameina Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands. Ákvörðun um skipan starfshópsins er tekin að höfðu samráði við rektora beggja háskólanna.

Guðmundur Árnason, ráðuneytisstjóri menntamálaráðuneytisins, fer fyrir hópnum. Aðrir í hópnum eru Kristín Ingólfsdóttir, rektor Háskóla Íslands, Ólafur Proppé, rektor Kennaraháskóla Íslands, Börkur Hansen, prófessor við KHÍ, Ólafur Harðarson, forseti félagsvísindadeildar HÍ, Guðmundur Ragnarsson, framkvæmdastjóri KHÍ og Þórður Kristinsson, framkvæmdastjóri við HÍ.

Búist er við að starfshópurinn skili niðurstöðu sinni fyrir lok febrúarmánaðar.

# Jólabækurnar skoðaðar

***Námskeið fyrir lestrarhesta.***



Endurmenntunarstofnun verður með námskeið sem heitir Rýnt í jólabækurnar 31. janúar til 14. mars. Kennt verður á þriðjudagskvöldum frá klukkan 20.15 til 22.15 og umsjón með námskeiðinu hefur Silja Aðalsteinsdóttir bókmenntafræðingur. Þátttakendur velja sex til átta nýjar bækur sem geta verið ljóðabækur, íslenskar skáldsögur, þýddar skáldsögur eða ævisögur og verða þær lesnar á námskeiðinu. Rithöfundar koma og halda fyrirlestra um verk sín auk þess sem verk einstakra höfunda verða skoðuð. Námskeiðsgjald er 15.900 krónur.

**námskeið }**

## Fararstjórn

Útivist verður með tveggja kvölda fararstjóranámskeið um gagnaöflun, skipulag frásagnar og fræðslu í ferðum. Námskeiðið verður haldið 19. og 26. janúar og verða leiðbeinendur Gunnar H. Hjálmarsson og Anna Soffía Óskarsdóttir.



Fyrra kvöldið verður farið í hvernig fararstjórar undirbúa sig og skipuleggja frásagnir og fræðslu í ferðum. Seinna kvöldið verður skipt upp í hópa og unnir verða punktar um helstu leiðir sem Útivist fer á.

Námskeiðið er ókeypis fyrir fararstjóra og nýliða í fararstjórn.




FRÉTTABLAÐIÐ
– stærsti fjölmiðillinn

Námskeiðin að hefjast!

Innritun í fullum gangi.



MIÐSTÖÐ SÍMENNTUNAR
Í HAFNARFIRÐI

Nánari upplýsingar um námsframboð í síma 585-5860 og á www.namsflokkar.hafnarfjordur.is

- TUNGUMÁL
- HANDVERK OG LISTIR
- HEILSA OG ÚTLIT
- TÖLVUR OG REKSTUR
- TÓNLIST OG DANS
- SÖNGNÁM OG LEIKLIST
- NÁMSAÐSTOÐ
- MATUR OG NÆRING
- PRÓFAÁFANGAR
- FJARNÁM VIÐ HA
- SÍMENNTUN HA

vísir

NFS ER Á VISIR.IS
Bein útsending á VefTV og upptökur þegar þér hentar
NFS

**Ferðalög innanlands** geta líka verið skemmtileg á veturna. Það er hægt að gista á gistiheimili eða hóteli í öðru bæjarfélagi og kynna sér menningarlífið á viðkomandi stað.



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ






Ljúblíana er ein af fallegustu borgum Evrópu. Yfir borginni ríkir skemmtilegur andi, andrúmsloftið er rómantískt og íbúarnir vinalegir enda kunna þeir vel að meta heimsóknir erlendra ferðamanna.

# Flogið um allan heim

***Þó að páskarnir séu í órafjarlægð, og hvað þá sumarið, er ekki úr vegi að skipuleggja fríið með nokkrum fyrirvara.***

Ferðaskrifstofurnar bjóða flestar upp á glæsilegar borgar- og sérferðir til framandi staða. Hér koma nokkur dæmi um áhugaverðar ferðir sem fá ferðahjartað til að slá hraðar. Ferðaskrifstofurnar veita nánari upplýsingar um þessar ferðir og aðrar fjölmargar sem eru í boði hjá þeim.

**Sankti Pétursborg**

Flugleiðir bjóða upp á borgarferðir til Sankti Pétursborgar um miðjan mars. Pétur Óli Pétursson verður fararstjóri í ferðinni en hann hefur sinnt fararstjórn til Pétursborgar undanfarin ár. Boðið verður upp á mikið úrval af skoðunarferðum. Farið verður í virki Péturs og Páls, Vetrarhöllin verður skoðuð, Hermitage-safnið, dómkirkja heilags Ísaks, sumarhöll keisarafjölskyldunnar, „Katrínarhöllina“ í Pushkin, og margt fleira.

Ferðin kostar frá 72.800 krónum og innifalið í verðinu er flug, rútuferðir til og frá flugvelli ytra. Gisting á Hótel Moskvu í fjórar nætur með morgunverði, fararstjórn, Flugvallarskattar og þjónustugjöld.



Píramídarnir í Egyptalandi hafa lengi dregið að sér ferðamenn og í lok apríl munu ævintýragjarnir Íslendingar líta þar við.

**Luxor Egyptaland**

Úrval Útsýn býður upp á sérferð til lands faróanna og píramídanna í lok apríl. Luxor og nágrenni er eitt allsherjar fornminjasafn undir berum himni og er það ekki á hverjum degi sem hægt er að komast í slíka nánd við mannkynssöguna.

Flogið verður með beinu leiguflugi með Loftleiðum Icelandic og tekur flugið um sjö klukkustundir.

Farastjórn verður í höndum Karl Jóhannssonar og fleiri og boðið er upp á margar skemmtilegar skoðunarferðir. Í boði er tveggja daga ferð til Kairó þar sem píramídarnir og Sfinxinn verður skoðaður ásamt því að njóta sérstaks verslunarumhverfis í Kairó. Heilsdagsferð er í Dal konunganna, í Drottningarhofið og til Luxor. Einnig er hægt að taka þátt í arabísku galakvöldi þar sem hægt er að komast í kynni við tónlist og matarvenjur Egypta ásamt mörgu fleira.

Í ferðinni er hægt að velja um dvöl í níu nætur í Luxor, eða að sigla milli Luxor og Aswan þar sem dvalið er í fimm nætur í Luxor og fjórar nætur um borð í fljótabátnum sem er fljótandi lúxushótel.

Verð er frá 84.600 krónum og má fá nánari upplýsingar um ferðina hjá Úrval Útsýn.

**Suður-Afríka**

Heimsferðir fara suður á bóginn til Höfðaborgar í Suður-Afríku. Dvalið verður í átta daga og farið í skoðunarferðir meðal annars til Robbeneyja þar sem Nelson Mandela afplánaði fangelsisvistun. Einnig verða heimsótt vínhéruð Suður-Afríku. Dvalið er í Höfðaborg í sjö nætur og flogið þaðan til Jóhannesarborgar og gist í þrjár nætur í Pilanesberg-þjóðgarðinum þar sem ferðamönnum gefst tækifæri á að komast í snertingu við einstaka náttúru og villt dýralíf. Farið verður í sérstakar safaríferðir um garðinn og dýrin skoðuð í sínu náttúrulega umhverfi. Íslensk fararstjórn í boði.

Verð frá 259.000 krónum.



Sankti Pétursborg er uppfull af sögulegum minjum og glæsilegum byggingum.



Pilanesberg-þjóðgarðurinn í Suður Afríku er ævintýri líkastur og dvöl í honum reynist ógleymanleg upplifun.

**Ljúbljana**

Plúsferðir bjóða vikulegt leiguflug til Tyrklands yfir sumartímann fyrir þá sem vilja njóta sín á ströndinni á eilítið framandi slóðum. Þar að auki býður ferðaskrifstofan upp á ýmsar borgarferðir, þar á meðal til Ljúbljana í Slóveníu. Næstu ferðir eru í lok mars og um miðjan apríl. Íslensk farastjórn í boði.

Ljúbljana er ein fámennasta höfuðborg Evrópu og hefur álíka íbúafjölda og Reykjavík. Ýmsar skoðunarferðir eru í boði, gönguferðir um gamla borgarhluta Ljúbljana og miðbæinn. Einnig er hægt að skoða dropasteinshellana í Postojna sem eru rúmlega tveggja milljóna ára gamlir. Farið verður í dagsferð til Portoros og Piran sem er sá hluti sem liggur að Miðjarðarhafinu. Í nágrenni Ljúbljana eru hinir undirfögru dalir Alpafjallanna þar sem náttúran skartar sínu fegurstu vorlitum.

Verð frá 59.140 krónum.

Þorratilboð 20. og 21. • 27. og 28. janúar

Í tilefni af þorra bjóðum við uppá frábært tilboð.
3 rétta kvöldverð á okkar rómaða veitingastað Riverside
ásamt gistingu og morgunverði.
kr. 11.600,- fyrir tvo

HotelSelfoss
Riverside
fagform

Nánari upplýsingar og borðapantanir í síma 480 2500 og info@hotelselfoss.is



REGNBOGINN
– leikskóli –

**Leikskólakennari og leiðbeinandi.**
Glaðir og gefandi einstaklingar með trausta reynslu af ungum börnum óskast til starfa sem fyrst í 100% stöður. Annarsvegar leitum við einstaklingi helst eldri en 30 ára til starfa strax og hinsvegar í aðra stöðu þegar nær dregur vori. Regnboginn er 3 deilda skóli staðsettur á Ártúnsholti. Áherslur eru á gæði í samskiptum og skapandi starf í anda Reggió-stefnunnar. Einkunnarorð skólans eru Börn eru merkilegt fólk.
**Allar nánari upplýsingar veitir undirrituð í s. 557 7071, 899 2056 og regnbogi@regnbogi.is Lovísa Hallgrimsdóttir leikskólastjóri.**

**Veitingahúsið - Lauga-ás.**
Bítillinn fyrrverandi Sir Paul McCartney hefur neitað að taka á móti heiðursverðlaunum á næstu Brit-verðlaunahátíð sem verður haldin í næsta mánuði. Ástæðan er sú að honum finnst hann vera of ungur til að hljóta verðlaunin. Eftir að þetta varð ljóst var ákveðið að veita Paul Weller verðlaunin en hann er 16 árum yngri en McCartney.



Pete Doherty, söngvari Babyshambles, hefur verið handtekinn á nýjan leik fyrir að hafa eiturlyf í fórum sínum og fyrir að aka undir áhrifum þeirra. Doherty, sem nýlega játaði fyrir rétti að hafa átt heróín og kókaín, var stöðvaður á bíl sínum af lögreglunni eftir að henni þótti aksturinn eitthvað grunsamlegur.



## Jónas Guðni til Ham-Kam

Jónas Guðni Sævarsson, knattspyrnumaður úr Keflavík, er á leið til norska 1. deildarliðsins Ham Kam þar sem hann mun æfa með félaginu í vikutíma. Líklegt er að Jónas haldi utan í næstu viku.

**sport**

sport@frettabladid.is

**ÍÞRÓTTAPARIÐ BJARNI ÓLAFUR EIRÍKSSON OG BERGLIND ÍRIS HANSDÓTTIR:** Á LEIÐ Í ATVINNUMENNSKU

# *Hafa fundið sér samastað í Danmörku*

Fastlega er búist er við því að danska úrvalsdeildarfélagið Silkeborg geri formlegt tilboð í Bjarna Ólaf Eiríksson, varnarmanninn unga hjá Val, í dag eftir vel heppnaða reynsludvöl leikmannsins hjá liðinu í síðustu viku. Pétur Stefánsson, framkvæmdastjóri Vals, sagði við Fréttablaðið í gær að ekkert formlegt tilboð hefði borist í leikmanninn. Að sögn Ólafs Kristjánssonar, sem er Bjarna innan handar í samskiptunum við danska félagið, voru forráðamenn liðsins mjög ánægðir með það sem þeir sáu til Bjarna og hafa mikinn áhuga á að fá hann í sínar raðir. Bjarni hefur áður farið til Odd Grendland og Valeranga á reynslu í vetur en hann segir Silkeborg vera áhugaverðasta félagið af þessum þremur. „Mér líst mjög vel þetta lið og þetta hentar mjög vel að því leyti að konan á möguleika á að komast að hjá liði í nágrenninu,“ segir Bjarni. Unnusta Bjarna er Berglind Íris Hansdóttir, besti kvennamarkvörður landsins, og hefur hún í nokkurn tíma verið að leita fyrir sér erlendis. Skilyrðið sem hún hefur sett er það sama hjá Bjarna Ólafi hingað til, þ.e. að makinn eigi möguleika á að komast að í sinni íþrótt í næsta nágrenni. Úrvalsdeildarlið Kolding í Danmörku er nýjasta liðið til að sýna Berglindi áhuga og er allt eins líklegt að félagið bjóði henni út til æfinga hjá sér. Áður hafði Aarhus óskað eftir því að fá Berglindi á reynslu til sín. Það hefur ekki ennþá gerst þar sem enn er leitað að hentugum tíma fyrir Berglindi að fara út en eins og Bjarni gat um er Aarhus í lítilli fjarlægð frá Silkeborg og því um afar hentug félög að ræða fyrir báða aðila.



Hvað sem verður er ljóst að mál hennar munu áfram haldast í hendur við mál Bjarna og því næsta víst að ef möguleg félagskipti hans til Silkeborg verða að engu mun íþróttaparið reyna að leita á nýjar slóðir í sameiningu.

## > Garcia má byrja að æfa

Jaliesky Garcia hefur fengið grænt ljós frá félagi sínu Göppingen að byrja æfingar með landsliðinu í handbolta fyrir Evrópumótið í Sviss síðar í þessum mánuði. „Hann má byrja að æfa rólega til að byrja með og verður undir eftirliti læknis og sjúkraþjálfara,“ segir Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSÍ. Garcia mun þó ekki leika með landsliðinu í komandi æfingaleikjum gegn Frökkum. Það er í raun bara verið að koma þessu máli í þann farveg að hann geti nýst okkur á Evrópumeistaramótinu sjálfu. Nú er bara að koma honum í spilhæft ástand,“ segir Einar.








Gunnar Þór Gunnarsson:

## Stendur sig vel hjá Öster

**FÓTBOLTI** Framarinn ungi Gunnar Þór Gunnarsson hefur staðið sig vel það sem af er reynslutímans hjá Öster í Svíþjóð og er Leif Widén, þjálfari liðsins, mjög ánægður með það sem hann hefur séð til hans hingað til. Þetta segir umboðsmaðurinn Peter Mörk, sem hefur milligöngu af útrás flestra íslenskra leikmanna til Svíþjóðar ásamt Ólafi Garðarssyni.

Gunnar Þór er væntanlegur til Íslands á fimmtudag og mun það ekki skýrast fyrr en þá hvort sænska liðið geri tilboð í bakvörðinn. Gunnar Þór er samningsbundinn Fram út árið. Gunnar Þór fór með liðinu í æfingaferðalag til Tyrklands en hjá félaginu er einnig að finna Helga Val Daníelsson. - vig

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

### *Iceland Express-deild karla:*

HÖTTUR - HAMAR/SELFOSS 84-74

*Höttur komst með sigrinum úr botnsæti deildarinnar í það 11. en liðið hefur hlotið fjögur stig það sem af er vetri. Hamar/Selfoss er í því 10. með sex stig.*

### *SS-bikarkeppni kvenna:*

HK - ÍBV 19-29

**Mörk HK:** Auksé Vysniauskaité 6, Arna Sif Pálsdóttir 2, Tatjana Zukovska 3, Hjördís Rafnsdóttir 2, Auður Jónsdóttir 2, Brynja Magnúsdóttir 2, Ásta Gunnarsdóttir 1, Líney Guðmundsdóttir .

**Mörk ÍBV:** Pavla Plaminkova 9, Ragna Karen Sigurjónsdóttir 7, Ingibjörg Jónsdóttir 5, Simona Vintila 2, Hanna Karla Jóhannsdóttir 2, Reneta Horvath 2, Hekla Hannesdóttir 1, Ester Óskarsdóttir 1.

*Í stöðunni 5-5 tóku gestirnir öll völd á vellinum og höfðu 15-8 yfir í hálfleik. ÍBV bætti við í síðari hálfleik og var sigur liðsins afar öruggur.*

FH - HAUKAR 21-36

**Mörk FH:** Þóra B. Helgadóttir 7, Eva Albrechtsen 4, Arna Gunnarsdóttir 3, Maja Gronbæk 2, Guðrún Drífa Hólmgeirsdóttir 2, Ásdís Sigurðardóttir 1, Sigrún Gísladóttir 1, Birna Helgadóttir 1.

**Mörk Hauka:** Ramune Pekarskyte 12, Guðbjörg Guðmannsdóttir 7, Martha Hermannsdóttir 6, Hanna G. Stefánsdóttir 6, Harpa Melsted 2, Inga Fríða Tryggvadóttir 2, Ragnhildur Guðmundsdóttir 1.

*Eins og tölurnar gefa til kynna átti FH aldrei möguleika gegn afar sterku liði Hauka. Staðan í leikhléi var 15-7, Haukum í vil.*

### *Enska bikarkeppnin:*

MIDDLESBORUGH - NUNEATON 5-2

1-0 Chris Riggott (34.), 2-0 Yakubu Aiyegbeni, víti (42.), 3-0 SStuart Parnaby (50.), 4-0 Yakubu Aiyegbeni (58.), 5-0 Mark Viduka (63.), 5-1 Gez Murphy (71.), 5-2 Gez Murphy (86.).

BIRMINGHAM - TORQUAY 2-0

1-0 Jiri Jarosik (61.), 2-0 Mikael Forsell (81.).

CHESTER - CHELTENHAM 0-1

0-1 Kayode Odejayi (52.).

LEEDS - WIGAN 3-3

0-1 Andreas Johansson (24.), 1-1 David Healy (41.), 1-2 Jason Roberts (50.), 2-2 David Healy, víti (64.). 2-3 Jason Roberts (103.), 3-3 Gary Kelly (116.).

*Wigan vann eftir vítaspyrnukeppni, 7-5.*

**Gylfi Einarsson** kom inn á sem varamaður hjá Leeds á 87. mínútu.

TAMWORTH - STOKE 1-1

1-0 Nathan Jackson (42.), 1-1 Paul Gallagher (80.)

*Stoke vann eftir vítaspyrnukeppni, 6-5.*

**Hannes Þ. Sigurðsson** var ekki í leikmannahópi Stoke.

WALLSALL - BARNSLEY 2-0

1-0 Michael Leary (68.), 2-0 Kevin James (78.).

READING - WBA 3-2

0-1 Richard Chaplow (9.), 0-2 Richard Chaplow (32.), 1-2 Leroy Lita (50.), 2-2 Leroy Lita (65.), 3-2 Leroy Lita (93.)

**Brynjar Björn Gunnarsson** og **Ívar Ingimarsson** voru báðir í byrjunarliði Reading í leiknum.




50%

ENN MEIRI VERÐLÆKKUN

GK REYKJAVÍK

Laugavegur 66, 101 Reykjavík.

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Back in the old days with J.C., we used to walk everywhere. Did you ever hear of a fat apostle?“**

**Svar:** Rufus úr kvikmyndinni Dogma árið 1999.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON ER ÓVENJU UPPTEKINN Í SJÓNVARPSGLÁPINU ÞESSA DAGANA

## *Ný andlit og gamlir kunningjar*

Skjár einn er byrjaður að sýna enn einn angann af Law&Order. Þessir þættir sem bera undirtitilinn Trial by Jury lofa góðu en það er eitthvað við allt þetta Law&Order dót sem virkar og fær mann til þess að nenna að glápa. Það sem gerir þessa nýju þætti sérstaklega heillandi er að leikkonan Bebe Neuwirth er mætt fjalltraust til leiks í hlutverki aðalsaksóknarans. Hún er vitaskuld þekktust fyrir túlkun sína á Lilith, hinni mjög svo tannhvössu eiginkonu Frasiers í samnefndum þáttum. Það gustar ekki síður af henni í réttarsalnum og hún fer létt með að bera Trial by Jury uppi. Þá spillir ekki fyrir að eðalgestaleikarar reka inn nefið og nægir þar að nefna Annabella Sciorra og Peter Coyote



**DREW CARREY** Þessi seinheppna skrifstofublók fer á kostum í The Drew Carrey Show.

Það er heilmikið líf í tuskunum á sjónvarpsstöðvunum þessa dagana og nýjum þáttum rignir inn á dagskrár þeirra. Auminginn Earl á væntanlega eftir að trekkja vel á Sirkus og þá er heldur ekki útilokað að Invasion nái að halda manni við efnið. Þetta er geimverudrama sem virðist ætla að sækja stíft í Invasion of the Bodysnatchers og gæti vel virkað. Fyrsti þátturinn gaf í það minnsta ágæt fyrirheit þó að maður hafi samt fundið fyrir einhverju tómahljóði. Gamlir kunningjar eru svo einnig að tínast inn og þar fer Kiefer Sutherland fremstur í flokki í hlutverki Jacks Bauer. Formúlan fyrir 24 hefur virkað vel í fjórgang og það þarf eitthvað mikið að klikka ef Jack Bauer á ekki eftir að drottna yfir öðrum þáttum eins og Arnaldur Indriðason drottnar yfir bókamarkaðnum. Sjálfum finnst mér þó mestur fengur í Drew Carrey sem er byrjaður aftur á Skjá einum.

Þetta eru alveg kostulegir þættir þar sem endalaus átök Drews og skræpótta beitiskipsins Mimi eru endalaus uppspretta súrrealísks fíflagangs og asnaláta.



▶ **21.25** *Gaman*

EXTRAS



▶ **20.05** *Raunveruleiki*

SUPERNANNY



▶ **21.00** *Gaman*

MY NAME IS EARL



▶ **21.00** *Lífstíll*

QUEER EYE FOR THE STRAIGHT GUY



▶ **22.05** *Fótbolti*

ÍTALSKI BOLTINN

### SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Disneystundin **18.01** Steini (32:52) **18.23** Sígildar teiknimyndir (18:42)

**18.31 Líló og Stitch (56:65)**
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.35 Bráðavaktin (18:22)**
▶ **21.25 Aukaleikarar (4:6)** (Extras) Hér er fylgst með aukaleikurum sem láta sig dreyma um að fá bitastæð hlutverk í kvikmyndum. Aðalhlutverk leika Ricky Gervais og Ashley Jensen en auk þess koma þekktir leikarar fram í eigin persónu, meðal annarra Ben Stiller, Kate Winslet og Samuel L. Jackson.
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Handboltakvöld**
**22.40 Japan – Minningar um leyndarríki (2:3)** (Japan: Memoirs of A Secret Empire)

**23.35** Kastljós **0.40** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Oprah Winfrey **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.10** Strong Medicine **12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** Whose Line Is it Anyway? **13.30** Sjálfstætt fólk **14.10** Kevin Hill **15.00** Fear Factor **16.00** BeyBlade **16.25** Sabrina – Unglingsnornin **16.50** Ginger segir frá **17.15** Pingu **17.20** Bold and the Beautiful **17.40** Neighbours **18.05** The Simpsons

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.35 Strákarnir**
▶ **20.05 Supernanny (11:11)** (Ofurfóstran í Bandaríkjunum)(Family Update Special) Sérstakur þáttur þar sem ofurfóstran tekur sig til og sækir aftur heim fjölskyldur sem hún hefur hjálpað í fyrri þáttum og kannar hvort ástandið hefur batnað eða versnað aftur.
**20.50 Oprah (26:145)**
**21.35 Missing (10:18)** (Mannshvörf) (Pop Star Story) Ný þáttaröð þessa spennumyndaflokks sem fjallar um leit bandarísku alríkislögreglunnar að týndu fólki.
**22.20 Strong Medicine (14:22)** (Samkvæmt læknisráði 4)(Love and Let Die)

**23.05** Stelpurnar **23.30** Grey's Anatomy 2 **0.15** Most Haunted **1.00** Perfume (B. börnum) **2.45** Deadwood **3.35** Missing **4.20** Third Watch **5.05** The Simpsons **5.30** Fréttir og Ísland í dag **6.35** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Sirkus RVK (11:30)**
**19.30 The War at Home (1:22)**
**20.00 Friends 6 (9:24)**
**20.30 Partí 101**
▶ **21.00 My Name is Earl (2:24)** (Quit Smoking) Earl ætlar að bæta upp fyrir fyrri gjörðir sínar með því að gera lífið betra fyrir Donny, en hann sat í fangelsi fyrir glæp sem Earl framdi. Eins skrítið og það hljómar er eina leiðin til þess að hjálpa Donny að hjálpa mömmu hans að hætta að reykja.
**21.30 The War at Home (2:22)**
**22.00 Invasion (2:22)** Magnaðir þættir í anda X-files.
**22.50 Reunion (1:13)** Spennuþættir sem fjalla um 6 ungmenni og 20 ár í lífi þeirra.

**23.40** Friends 6 (9:24) (e) **0.05** Partí 101

### SKJÁREINN

**18.00** Cheers – 10. þáttaröð

**18.30 Innlit / útlit (e)**
**19.30 Fasteignasjónvarpið**
**19.40 Will & Grace (e)**
**20.10 Blow Out II** Í annarri seríu af Blow Out er áfram fylgst með gangi mála á hárgreiðslustofu Jonathans Antin, en nú stefnir hann á alþjóðamarkað með nýja línu af hárvörum.
▶ **21.00 Queer Eye for the Straight Guy** Samkynhneigðar tískulöggur gefa einhleypum, gagnkynhneigðum körlum góð ráð um hvernig þeir megi ganga í augun á hinu kyninu.
**22.00 Law & Order: SVU**
**22.50 Sex and the City** Carrie Bradshaw skrifar dálk um kynlíf og ástarsambönd fyrir lítið dagblað.

**23.20** Jay Leno **0.05** Judging Amy (e) **0.50** Cheers – 10. þáttaröð (e) **1.15** Fasteignasjónvarpið (e) **1.25** 2005 World Pool Championship (e) **3.00** Óstöðvandi tónlist

### SÝN

**18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30 Gillette World Sport 2006**
**18.55 Bestu bikarmörkin** (Tottenham Hotspur Greatest Goals)
▶ **19.55 Enska bikarkeppnin 3. umf.** (Enska bikarkeppnin 3. umf.) (Man. Utd – Burton) Bein útsending frá leik í enska FA bikarnum.
**22.05 Ítalski boltinn** Útsending frá leik Chievo - Juventus í ítölsku deildinni.

**23.45** Enska bikarkeppnin 3. umf.

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Liar Liar **8.00** Dinner With Friends **10.00** Butch Cassidy and the Sundance Kid (e) **12.00** The School of Rock **14.00** Liar Liar **16.00** Dinner With Friends **18.00** Butch Cassidy and the Sundance Kid (e) **20.00 The School of Rock** (Rokkskólinn) **22.00 King of the Hill** (Konungur hæðarinnar) Fjallar um ungarn dreng sem verður að taka á öllu sem hann á til að komast af. Bönnuð börnum. **0.00** Quicksand (Str. b. börnum) **2.00** All Over the Guy (Str. b. börnum) **4.00** King of the Hill (e) (Bönnuð börnum)

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** The E! True Hollywood Story **13.00** E! News **14.00** 101 Most Shocking Moments in... **15.00** Live from the Red Carpet **17.00** 101 Most Shocking Moments in... **18.00** Fight For Fame **19.00** E! News **20.00** Live from the Red Carpet **22.00** Heartthrobs & Heartbreakers... **22.30** Superstar Weddings Gone Bad **23.00** Wild On **0.00** E! News **0.30** Heartthrobs & Heartbreakers... **1.00** Party @ the Palms **1.30** Girls of the Playboy Mansion **2.00** The E! True Hollywood Story

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

### ENSKI BOLTINN

**14.00** Charlton – Birmingham frá 14.01 **16.00** Fulham – Newcastle frá 14.01 **18.00** Liverpool – Tottenham frá 14.01

**20.00 Að leikslokum (e)**
**21.00 Sunderland – Chelsea frá 15.01**

**23.00** Wigan – W.B.A. frá 15.01 **1.00** Dagskrárlok




JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

BRYNJA BJÖRK KENNIR FÓLKI HVERNIG Á AÐ HAGA SÉR Í NÆTURLÍFI REYKJAVÍKUR, VILLTUSTU BORGAR Í HEIMI!

FYLGSTU MEÐ!

SIRKUS

## VIÐ MÆLUM MEÐ...

Invasion — Sirkus kl. **22.00**

### *Nýir þættir í anda X-Files*



Mannskepnan hefur leitað að geimverum í margar aldir en hefur aldrei fengið raunverulegar sannanir fyrir tilveru lífvera frá öðrum plánetum. En höfum við verið að leita á röngum stað öll þessi ár? Hvað ef þessar verur búa nú þegar á meðal okkar? Eru slys af náttúrulegum orsökum eða eru þau í raun yfirhylming yfir starfsemi geimvera? Smábær í Flórída lendir í miðju heiftarlegs fellibyls sem leggur bæinn í rúst. Bandarískur þjóðgarðsvörður, Russel Varon, verður að leggja allt í sölurnar til að verja litla bæjarsamfélagið sitt og öryggi fjölskyldunnar. Eftir storminn hefst röð undarlegra atvika sem hann ákveður að kanna nánar, kemur þá ýmislegt dularfullt í ljós sem engar rökréttar skýringar virðast vera á.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**6.58** Ísland í bítið. Samsent með Stöð 2 **9.10** Allt og sumt

**12.25** Fréttaviðtalið. **13.10** Sögur af fólki e. **14.10** Hrafnaþing **15.10** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar **17.59** Á kassanum. Illugi Jökulsson.

**18.30** Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Ísland í dag **19.30** Allt og sumt e. **21.30** Á kassanum e. **22.00** Íðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **6.50** Bæn **7.05** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.40** Slæðingur **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Pipar og salt **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Orð skulu standa **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir

**18.25** Spegillinn **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.05** Sáðmenn söngvanna **21.00** Út um græna grundu **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Bókaþátturinn **23.05** Fallegast á fóninn **0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Gettu Betur **21.00** Konsert **22.10** Popp og ról

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík síðdegis. **7.00** Ísland Í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag. **19.30** Bragi Guðmundsson – með ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**8.00** Arnþrúður Karlsdóttir **10.00** Rósa Ingólfsdóttir **11.00** Bláhornið **12.25** Meinhornið **14.00** Kjartan Gunnar Kjartansson

**15.00** Hildur Helga **17.00** Gústaf Nielsson **18.00** Meinhornið **19.00** Bláhornið **20.00** Arnþrúður Karlsdóttir **22.00** Rósa Ingólfsdóttir

**23.00** Kjartan G. Kjartansson **0.00** Hildur Helga **2.00** Gústaf Nielsson **3.00** Rósa Ingólfsdóttir **4.00** Kjartan G. Kjartansson 5.00 Arnþrúður Karlsdóttir

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



FRONTLINE

**22.30** *Fréttir*

## NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi

**12.00** Hádegisfréttir **13.00** Íþróttir/lífsstíll **14.00** Hrafnaþing/Miklabraut **15.00** Fréttavaktin eftir hádegi **18.00** Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþróttir

**20.00** **Fréttir**
**20.10** **Skaftahlíð – vikulegur umræðuþáttur** Maður vikunnar. Viðtal í umsjá fréttastofu NFS.
**20.45** **Dæmalaus veröld – með Óla Tynes** Fréttamaðurinn Óli Tynes er manna naskastur á að þefa upp kynlegustu heimfréttirnar.
**21.00** **Fréttir**
**21.10** **Hrafnaþing/Miklabraut** Hrafnaþing þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga í umsjá Ingva Hrafns Jónssonar og Miklabraut mánudaga og miðvikudaga í umsjá Sigurðar G. Tómassonar.
**22.00** **Fréttir** Fréttir og veður
**22.30** **Frontline** (Memory of the Camps) Bandarískur fréttaskýringaþáttur.

**23.15** Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþróttir **0.15** Fréttavaktin fyrir hádegi **3.15** Fréttavaktin eftir hádegi **6.15** Hrafnaþing/Miklabraut

## ERLENDAR STÖÐVAR

**EUROSPORT**

**12.00** Figure Skating: European Championship Lyon France **17.00** All Sports: Daring Girls **17.15** All sports: WATTS **17.25** Sailing: Inside Alinghi **17.30** Olympic Games: Olympic Torch Relay **17.45** All Sports: Casa Italia: Road to Torino 2006 **18.00** Figure Skating: European Championship Lyon France **21.30** Snooker: the Masters London **23.30** Olympic Games: Olympic Torch Relay **23.45** All Sports: Casa Italia: Road to Torino 2006 **0.00** Tennis: Grand Slam Tournament Australian Open **2.00** Tennis: Grand Slam Tournament Australian Open

**BBC PRIME**

**12.00** Porridge **12.30** The Good Life **13.00** Ballykissangel **14.00** Balamory **14.20** Andy Pandy **14.25** Tweenies **14.45** Fimbles **15.05** Captain Abercromby **15.20** The Make Shift **15.35** Stitch Up **16.00** Cash in the Attic **16.30** Ready Steady Cook **17.15** The Weakest Link **18.00** Doctors **18.30** EastEnders **19.00** Changing Rooms **19.30** Rick Stein's Food Heroes **20.00** The Inspector Lynley Mysteries **21.30** The Kumars at Number 42 **22.00** Chanel **22.50** Pride and Prejudice **23.45** The Fear **0.00** Freeze But Is It Art? **1.00** Trouble with Love **1.30** Trouble with Love **2.00** Welfare, Power and Diversity

**NATIONAL GEOGRAPHIC**

**12.00** Seconds from Disaster **13.00** Yeti – Hunt for the Wildman **14.00** Megastructures **15.00** Seconds from Disaster **16.00** King Tut's Curse **17.00** Seconds from Disaster **18.00** Storm Stories **18.30** Storm Stories **19.00** Mankillers – Africa's Giants **20.00** Megastructures **21.00** Seconds from Disaster **22.00** Hunter Hunted **23.00** Seconds from Disaster **0.00** Seconds from Disaster **1.00** Murder Dolls

**ANIMAL PLANET**

**12.00** Amazing Animal Videos **12.30** Monkey Business **13.00** Big Cat Diary **13.30** The Snake Buster **14.00** Maneaters **14.30** Predator's Prey **15.00** Miami Animal Police **16.00** Pet Rescue **16.30** Wildlife SOS **17.00** Amazing Animal Videos **17.30** The Planet's Funniest Animals **18.00** The Snake Buster **18.30** Monkey Business **19.00** Nightmares of Nature **19.30** Big Cat Diary **20.00** Life of Mammals **21.00** Animal Cops Houston **22.00** Nightmares of Nature **22.30** Monkey Business **23.00** Emergency Vets **23.30** Hi-Tech Vets **0.00** Pet Rescue **0.30** Wildlife SOS **1.00** Life of Mammals **2.00** The Snake Buster

**CLUB**

**12.20** Insights **12.45** Matchmaker **13.10** Fashion House **13.35** Other People's Houses **14.30** Fantasy Open House **15.00** Crimes of Fashion **15.30** Crime Stories **16.30** Arresting Design **17.00** Yoga Zone **17.25** The Method **17.50** Paradise Seekers **18.15** Fantasy Open House **18.40** E-Love **19.05** Girls Behaving Badly **19.30** Single Girls **20.25** Cheaters **21.15** Sextacy **22.10** My Messy Bedroom **22.35** Men on Women **23.00** Ex-Rated **23.30** Staying in Style **0.00** Simply Indian **0.30** City Hospital **1.25** Crimes of Fashion **1.50** Insights





TOYO TIRES

LOKSINS Á ÍSLANDI

Bestu dekkin í USA 8 ár í röð

Áttunda árið í röð voru Toyo dekkin valin bestu dekkin af Tire Review Magazine sem er tímarit hjólbarðasala í Bandaríkjunum. Toyo vetrardekkin eru með einstökum míkróskurði sem gefur betra veggrip og meira öryggi. Toyo dekkin eru líka sérstaklega mjúk og hljóðlát.



**Tranpath S1, harðkorna dekk**
17" - 18" felgur

**Garit G30, harðkorna dekk**
13" - 15" felgur

Míkróskorin „suction rubber" dekk með hörðum, umhverfisvænum kornum og náttúrulegum skeljabrotum. Dekkin eru með hárfínum míkróskurði sem hleypir raka upp í dekkið og nánast límið það ofan á ísingu. Síðan grípa hörðu, náttúrulegu skeljakornin í ísinn líkt og klær. Dekk sem hafa reynst afburða vel í Svíþjóð og Finnlandi. Nýtt Silica Compound soggúmmíið vinnur afburðavel í kulda og nær gripi þrátt fyrir að vatnsfilma liggi ofan á vegísingu.

**C1S, neglanleg vetrardekk**
13" - 16" felgur

Míkróskorin og neglanleg dekk hönnuð fyrir akstur við erfiðar vetraraðstæður. Dekkin halda mýkt sinni í miklu frosti og tryggja frábært grip. Djúpt og gleitt mynstrið veitir mjög gott grip í snjó og hálku og styttir hemlunar-vegalengd í bleytu. „Silica Compound" gúmmíið hefur einstaka viðloðun við blautan vegflöt.

**Open Country All Terrain**
Jeppadekk á 15", 16", 17", 18" og 20" felgur. Hæð 28" - 37"

Radial dekk með alhliða A/T mynstri. Veita afburða grip í akstri um vegleysur og eru ljúf og þægileg á vegi. Dekkin bíta af grimmd í snjó og bleytu. Reynslan sýnir að þau endast öðrum dekkjum betur undir jeppum, pallbílum og sendibílum.

**Open Country Mud Terrain**
Jeppadekk á 15", 16", 17" og 18" felgur. Hæð 28" - 38"

Henta jeppamönnum í vegleysurnar. Grimmsterk radialdekk með torfærumynstri, með meira burðarþol en samt mjúk og þægileg í þjóðvegaakstri. Engin málamiðlun í torfærurnar og veita afburða grip í akstri um vegleysur.



Ný umhverfisvæn harðkorna dekk




Þýska bílablaðið Gute Fahrt valdi Toyo dekkin bestu dekkin 2 ár í röð.



Porsche Cayenne sló nýlega hraðamet fjórhjóladrifinna bíla, 308 km/klst - með Toyo dekkjum.

NESDEKK S. 561 4110

Suðurströnd 4, 170 Seltjarnarnesi
Sími 561 4110

Bílabúð Benna

Bílabúð Benna • Vagnhöfða 23
Sími 590 2000 • www.benni.is

hausverk / SÍA



## HRÓSIÐ

*...fær Reynir Lyngdal leikstjóri en stuttmynd hans, Töframaðurinn, hlaut sérstök verðlaun dómnefndar á stuttmyndahátíðinni í Prag.*

**ÞRÍR SPURÐIR: ÞAÐ ER LANGT SÍÐAN ÞAÐ HEFUR VERIÐ JAFN SNJÓÞUNGT Á ÍSLANDI**

# *Hefurðu lent í vandræðum í snjónum?*



### Bíllinn bjargar

Nei, ég er á ágætis bíl og það hefur bjargað mér hingað til. Í fyrra var ég hins vegar á handónýtum heilsársdekkjum og lenti í bölvuðum vandræðum. Það skiptir öllu að vera öruggur í umferðinni og ég var því vel útbúinn í þetta sinn.

Ágúst Ólafur Ágústsson, þingmaður Samfylkingarinnar.



### Á fjórhjóladrifnum bíl

Nei, ég fékk mér Ford Explorer í sumar svo ég er komin á fjórhjóladrifinn bíl. Ég hef því ekki lent í neinum vandræðum og mun væntanlega ekki gera það. Sjö níu þrettán!

Sólveig Samúelsdóttir söngkona.



### Tekur allt lengri tíma

Nei, það hef ég ekki gert. Ég er á góðum bíl og hef ekki lent í neinu. Hins vegar verður að viðurkennast að það tekur allt lengri tíma í snjónum. Ég þarf að keyra ofan úr Gerðum og niður í miðbæ og ég get ekki lengur lagt af stað klukkan korter í átta eins og ég var vön. Það tekur um helmingi lengri tíma að komast á milli staða.

Anna Kristinsdóttir, borgarfulltrúi Framsóknarflokksins.



**LÁRÉTT** **2** sjúkleg fýsn **6** samanburðartenging **8** rá **9** bók **11** verkfæri **12** rót **14** blossaljós **16** í röð **17** nár **18** angan **20** íþróttafélag **21** krafs.

**LÓÐRÉTT** **1** klöpp **3** klaki **4** sígild list **5** til sauma **7** nískupúki **10** mál **13** mas **15** listi **16** töf **19** eldsneyti.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2** fíkn, **6** en, **8** slá, **9** rit, **11** al, **12** grams, **14** flass, **16** hí, **17** lík, **18** ilm, **20** kr, **21** klór.

**LÓÐRÉTT:** **1** berg, **3** ís, **4** klassík, **5** nál, **7** nirfill, **10** tal, **13** mal, **15** skrá, **16** hík, **19** mó.

**[ VEISTU SVARIÐ? ]**

1. Michelle Bachelet
2. Twente
3. Töframaðurinn

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

STRÁKARNIR: BJÓÐA FORSÆTISRÁÐHERRANN VELKOMINN

# Lofar að Halldór brosi

Halldór Ásgrímsson verður gestur Strákanna í þætti kvöldsins. Auðunn Blöndal tekur skýrt fram að þetta sé hinn eini og sanni Halldór Ásgrímsson, sá sem gegnir stöðu forsætisráðherra í ríkisstjórn Íslands. „Við fengum Davíð Oddsson í þáttinn til okkar fyrir ári og allir voru mjög spenntir að sjá hvernig hann myndi spjara sig. Meira að segja mamma sat fyrir framan viðtækið,“ segir Auðunn en í ljós kom að gesturinn var fasteignasali úti í bæ sem bar sama nafn og seðlabankastjórinn. „Þetta er því sjálfur forsætisráðherrann sem mætir,“ segir hann og vill vera handviss um að þetta komist til skila.

Halldór mun þó ekki takast á við neinar áskoranir hjá Strákunum en þær hafa oftar en ekki krafist þess að fólk sé reiðubúið að leggja sig í einhverja smávægilega hættu. Þjóðin má jú ekki við því að sjá á eftir æðsta ráðamanni þjóðarinnar á spítala eftir einhver Strákapör. Þess í stað mun Pétur taka viðtal við stjórnmálaleiðtogann að hætti Jóns Ársæls í Sjálfstæðu fólki en þessi eftirherma hefur vakið mikla lukku. „Hann verður með okkur í myndveri allan þáttinn og þá í hlutverki gestastjórnanda,“ segir Auðunn og lofar því að Halldór muni brosa áður en yfir lýkur. Nýir liðsmenn Strákanna, þeir Gunnar Sigurðsson og Atli Albertsson, hafa látið til sín taka að undanförnu og Auðunn var hæstánægður með þá. „Auðvitað tekur menn tíma að komast inn í húmorinn og fyrir áhorfendur að venjast þeim en ég er viss um að þetta komi allt saman.“

Auðunn sjálfur hefur verið á ferðalagi að undanförnu en vegna Idol-stjörnuleitar sem tekin var upp á Nasa fór sýning hans Typpatal á smá flakk um landið. Nú þegar söngvakeppnin vinsæla er á leiðinni til Kópavogs verður Auðunn á sínum stað í næstu viku. Honum gafst tækifæri til að heimsækja Vestmannaeyjar, Ísafjörð og heimabæ sinn Sauðárkrók en sú sýninging tókst að eigin sögn vel. „Það var mjög gaman og uppselt á sýninguna,“ segir Auðunn sem var duglegur að bæta inn í handritið enda þekkti hann velflesta í salnum.

Framundan er nú ferðalag norður en sýningin verður á Akureyri bæði fimmtudag og föstudag. Auðunn segist hins vegar ekkert kvarta því það sé alltaf gaman þegar mikið er að gera.

freyrgigja@frettabladid.is



**AUÐUNN BLÖNDAL** Heldur til Akureyrar á fimmtudaginn með sýningu sína Typpatal en í millitíðinni tekur hann ásamt félögum sínum í Strákunum á móti forsætisráðherranum.

FRÉTTABLAÐIÐ / VALLI

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Fleiri sjónvarpsstjörnur eru að fæðast þessa dagana því nýir íslenskir þættir eru að byrja hjá sjónvarpsstöðinni Sirkus. Þar ber hæst þáttur pistlamógúlsins **Egils Gilzenegger** sem heitir í höfuðið á heimasíðunni kallarnir.is sem kraftakarlinn hefur haldið úti ásamt vinum sínum. Á síðunni má einmitt finna skemmtilega færslu um tökur á fyrsta þættinum en það er sjálfur Partý Hanz sem les yfir lesendum og skyggnist bak við tjöldin. Segir hann að gestur þáttarins hafi verið frá sér numinn vegna hæfileika drengjanna því hann hafi aldrei komist í kynni við jafn „pró“ leikstjóra. Þátturinn fer í loftið 30. janúar og mun væntanlega vekja mikla athygli.



**Össur Skarphéðinsson** hefur nú blandað sér í umræðuna um vígslu hjónabands samkynhneigðra en málið hefur verið mikið hitamál eftir að öldurnar lægði í kringum DV. Á heimasíðu sinni veltir stjórnmálamaðurinn því fyrir sér hvort kirkjan ráði því hverjir mega ganga í hjónaband og hverjir ekki og vísar þar til orða Halldórs Ásgrímssonar á blaðamannafundi sem hann hélt en þar sagði forsætisráðherrann að kirkjuvígsla samkynhneigðra væri málefni kirkjunnar. Össur segir að kirkjan ein ráði því ekki hverjir gifta sig og hverjir ekki því honum finnst að það eigi að „breyta lögum þannig að þeir prestar, sem vilja, eigi að fá að vígja samkynhneigt fólk í hjónaband frammi fyrir guði sínum - ef það kýs svo.“ -fgg

FORESTER

JEPPLINGUR SEM VIT ER Í

Subaru Forester sameinar veghæð jepplings (20,5 cm), afl sportbíls (158 hestöfl) og frábæra aksturseiginleika Subaru. Lárétt Boxer-vél og Subaru fjórhjóladrif bregðast við ástandi vegar og vegleysu af óviðjafnanlegri getu.

- Ný 2,0 lítra vél - 158 hö.
- Sítengt aldrif (AWD)
- Veghæð: 20,5 cm
- 16" álfelgur
- Mikið rými

| Tegund | Verð |
|---|---|
| FORESTER beinskiptur | 2.390.000,- |
| FORESTER sjálfskiptur | 2.550.000,- |

www.subaru.is





SUBARU
MEÐ HUGANN VIÐ AKSTURINN

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00


30-50%
afsláttur
MESTA ÚRVAL LANDSINS!
50 uppstilltar innréttingar
BAÐ
INNRÉTTINGAR
Gegnheil hnota 85 og 105 sm
Ölur á MDF 125 sm 5
LES 100x44 sm
Hnota á MDF 120 sm nr 24
Eplaviður á MDF 145 sm nr 31
Askur 120 sm
SX 005 80 sm
VERTU ÞINN EIGINN ARKITEKT
FJÖLDI UPPSTILLINGA-MÖGULEIKA
Hvítur fulningur 120 sm 12
Hlynur á MDF 102 sm
LAWES 120 x 52 sm
Hvít eik á MDF 120 sm nr 10
TORI 65 x 43 sm
Kirsuberjaviður á MDF 165 sm nr 8
DORLI 120 x 45 sm
SX 001 70 sm
Allar innréttingar afgreiddar af lager
Borðplötur, handföng, blöndunartæki og handlaugar í flestum gerðum að eigin vali
INNRÉTTINGAR & TÆKI
www.i-t.is
- fyrir þitt heimili
Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is
Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**









**BAKÞANKAR**
JÓNS GNARR

## Foreldrar

Þegar ég var barn og unglingur fannst mér sú þjónusta sem foreldrar mínir veittu mér alveg sjálfsögð. Ég þurfti ekki að þvo af mér fötin. Ég lét þau bara í óhreinatauið og nokkrum dögum síðar birtust þau aftur hrein og straujuð í skápnum mínum. Ég þurfti heldur aldrei að elda mér mat. Mamma eldaði fyrir mig og yfirleitt eitthvað sem mér fannst gott, enda hefði annað ekki verið tekið í mál. Og ef hlutirnir gengu ekki snurðulaust fyrir sig, eins og þegar eitthvað gleymdist, varð ég fúll.

**ÞAÐ** var ekki fyrr en ég var orðinn foreldri sjálfur sem ég fattaði hvað þetta er oft erfitt og hvað það er ömurlega leiðinlegt að vera foreldri frekra og kröfuharðra krakka sem taka öllu sem maður gerir fyrir þau sem sjálfsögðum hlut. Og hvers konar réttlæti er það þegar einn gerir allt sem er leiðinlegt? Það er bara kúgun.

**AUÐVITAÐ** er það hlutverk foreldra að hugsa vel um börnin sín. En það er ekki sjálfsagt. Það er fullt af fólki sem hugsar illa um börnin sín og vanrækir þau. Góðir foreldrar eiga skilið þakklæti fyrir. Foreldrar eru ekki þrælar heldur manneskjur eins og allir aðrir. Hvað ætli margir unglingar, sem skreyta sig með merkjum kommúnisma, hagi sér eins og fasistar heima hjá sér?

**ÞEGAR** börnin eru vanþakklát og frek þá langar fólk ekkert að gera fyrir þau. Og það er kannski ágætis ráð fyrir foreldra sem finnst þeir vanmetnir að skrifa niður allt sem þeir gera fyrir börnin sín: „Þetta gerum við fyrir ykkur, hvað eruð þið að gera fyrir okkur?“ Og ef það þýðir ekki er hægt að draga úr þjónustu: Abuse it, lose it! Og ef það bregst þá má grípa til verkfalls, hætta að kaupa í matinn, elda, þvo barna- og unglingaföt og láta loka fyrir símann.

**EF** ég yrði unglingur aftur myndi ég hjálpa mömmu minni meira. Ég myndi læra á þvottavélina, vaska upp og jafnvel gleðja hana með því að sýna frumkvæði og gera eitthvað sem hún þyrfti annars að gera þegar hún kæmi heim úr vinnunni. Og ég myndi kynna mér matargerð og elda fyrir hana á afmælinu hennar.

**SÝNIÐ** foreldrum ykkar skilning og virðingu. Þakkið þeim fyrir það sem þau gera vel og ekki taka því sem sjálfsögðum hlut að fá heitan og góðan mat á hverjum degi. Það hafa allir þörf fyrir uppörvun og að tekið sé eftir þeim. Það hafa allir þörf fyrir viðurkenningu. Ekki bara börn heldur foreldrar líka! ■


www.volkswagen.is

# Volkswagen Golf
# Vinsælasti bíll í Evrópu




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 3294

Aukabúnaður á mynd: álfelgur og fánaskreyting

## Trendline-tilboð

Golf 1,6 Trendline. Verð áður ~~1.890.000~~ kr.
**Tilboðsverð 1.790.000 kr.**
10% útborgun og 23.990 kr. afborgun á mánuði*

### 600 þúsund bílar seldir

Volkswagen Golf er langvinsælasti bíllinn í Evrópu. Á síðasta ári voru nýskráningar á Golf um 600 þúsund. Volkswagen er jafnframt með mestu markaðshlutdeild allra bílaframleiðenda í Evrópu samkvæmt European Automobile Association (ACEA).

Vinsældir Golf og annarra tegunda frá Volkswagen koma okkur ekki á óvart þar sem framsækin hönnun á traustum grunni er aðalsmerki fyrirtækisins.

**Komdu og finndu sjálf(ur)**
**hvað það er sem heillar Evrópubúa.**

Aus Liebe zum Automobil

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416
HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is